

# Afmælisblað


Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni



2. tbl. • 10. árg. • 2005



# Frábær ár í séreign



## Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni - Aðildarfélag að Lífeyrissjóði Norðurlands -

Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggimar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og til loka september 2005 var raunhækkun á Safni I 68,1% og 83,7% á Safni II. Þetta eru hækkanir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkanir á 81 mánuði. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum tíma hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun hefur aldrei orðið neikvæð á tímabilinu. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Nánari upplýsingar um ávöxtun og gengi safna er að finna á heimasíðu sjóðsins [www.ln.is](http://www.ln.is). Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501  
Tölvupóstur: [ln@ln.is](mailto:ln@ln.is) • Heimasíða: [www.ln.is](http://www.ln.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

FVSA  
**75 ára**

## Hamingjuóskir

Landsbankinn óskar FVSA til hamingju með 75 ára afmælið.



Útgefandi: FVSA  
Skipagötu 14, 600 Akureyri  
Sími: 462 1635  
www.fvsa.is

Ábyrgðarmaður:  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Ritnefnd:  
Erla Halls, Jóna Steinbergsdóttir  
og Páll H. Jónsson

Umsjón, textagerð  
og prófarkalestur:  
Fremri kynningarþjónusta,  
Þórsstíg 4, Akureyri  
Sími: 461 3666  
Netfang: fremri@fremri.is

Auglýsingar:  
Helgi Kristinsson, sími: 896 5383  
Netfang: helgi@tf.is

Prentvinnsla: Ásprent Stíll



Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

## Efnisyfirlit

<b>Kveðja frá LÍV</b>	
- Ingibjörg R. Guðmundsdóttir	5
<b>Samskiptin alveg til fyrirmyndar</b>	
- Ragnar Sverrisson	5
<b>Reynum að gera eins vel við félagsmenn og okkur er unnt</b>	
- Úlfhildur Rögnvaldsdóttir	6
<b>Heiðruðu húsmæður...</b>	
- auglýsingar úr Fálkanum frá árinu 1928	9
<b>Ég sé ekki eftir neinu!</b>	
- Jóna Steinbergsdóttir	12
<b>Var ekki þjattrófa sem stelpa</b>	
- Auður Kristjánsdóttir	14
<b>Starfsumhverfið hefur breyst gífurlega</b>	
- Ívar Sigurjónsson	16
<b>Glatt á hjalla!</b>	
- svipmyndir úr sögu FVSA 1930-2005	18
<b>Þættir úr sögu félagsins</b>	20
<b>Mikilvægt að allir félagsmenn taki þátt í launakönnuninni</b>	28
<b>Stjórnir félagsins frá 1930-2005</b>	29
<b>Á þönum allan daginn</b>	
- Brynhildur Pétursdóttir	34
<b>Með bein í nefinu</b>	
- Guðrún S. Óskarsdóttir	36
<b>Vorum reiðir, ungir menn</b>	
- Óli D. Friðbjörnsson	38
<b>Á Dalvík er best að vera</b>	
- Guðmundur Kristjánsson	40
<b>Afmælissýning FVSA 1930-2005</b>	42

### FVSA 1930-2005

## Munir og myndir frá liðinni öld



Í tilefni 75 ára afmælis Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni verður haldin sýning á munum og myndum, sem tengjast sögu félagsins, á 4. hæð Alþýðuhússins á Akureyri.

Sýningin verður opin föstudaginn 4. nóvember og laugardaginn 5. nóvember, frá kl. 14 - 18.

Komið og skoðið afmælissýninguna og fáið ykkur afmæliskaffi.

*Allir velkomnir.*

FVSA

# Kveðja frá LÍV

**F**VSA hefur starfað með Landssambandi íslenskra verzlunarmanna allt frá stofnun sambandsins árið 1957. Félagið er annað stærsta aðildarfélag LÍV og hefur það ætíð verið styrkstoð í starfi þess.

Fyrir hönd LÍV vil ég nú á þessu afmælisári nota tækifærið og þakka núverandi og fyrrverandi forystu og starfsmönnum félagsins einstakt samstarf í gegnum árin. Það hefur aldrei borið skugga á samvinnuna og sjálf vil ég þakka áratuga samstarf og vináttu.

Starf FVSA hefur verið afar farsælt í gegnum árin. Félagið hefur verið grandvart í ákvörðunum sínum og unnið með félagsmönnum sínum af heilum

hug. Margir sigrar hafa unnist í gegnum tíðina og núverandi formaður og stjórn munu án efa efla starf félagsins enn frekar.

LÍV hefur haldið fjölmörg þing á Akureyri og fulltrúar jafnt sem starfsmenn þá notið gestrisni og aðstoðar félagsins.

LÍV sendir FVSA hugheilar afmælskveðjur og óskar félaginu áframhaldandi velfarnaðar í starfi komandi ára. Megi það áfram bera gæfu til að finna á hverjum tíma þær leiðir, sem best þjóna hagsmunum félagsmanna þess.

*Ingibjörg R. Guðmundsdóttir,  
formaður LÍV*



*Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna.*

## Samskiptin alveg til fyrirmyndar

– segir Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar

**K**aupmannafélag Akureyrar á, eins og gefur að skilja, í töluverðum samskiptum við Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Ragnar Sverrisson, betur þekktur sem Raggi í JMJ, er formaður Kaupmannafélags Akureyrar og segir hann að samskiptin hafi ætíð gengið mjög vel fyrir sig.

„Ég er búinn að vera formaður Kaupmannafélags Akureyrar í um 15 ár og allan þann tíma hafa samskiptin við Félag verslunar- og skrifstofufólks verið alveg til fyrirmyndar. Það hefur aldrei borið á hnökrum í samskiptum okkar, alveg sama hvert erindið hefur verið. Þessar elskur á skrifstofunni hafa alltaf tekið manni opnum örmum,“ segir Ragnar.

### Jóna fyrsti viðskiptavinurinn

Ragnar segir að hann hafi sjálfur verið við búðarborðið í 40 ár. „Það má nú nefna það til gamans að fyrsti viðskiptavinurinn sem ég afgreiddi var



*Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar.*

Jóna Steinbergsdóttir, sem síðar varð formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Þetta var þann 22. nóvember 1965 og ég mun aldrei gleyma þeirri stund er ég afgreiddi minn fyrsta viðskiptavin,“ sagði Ragnar og bætti við að Jóna hefði komið í búðina rétt eftir klukkan níu.

### Hátt þjónustustig

„Í öll þessi ár hef ég verið á gólfinu og afgreitt viðskiptavinimína. Það er alltaf jafn gaman þegar fólk kemur í búðina til mín, sérstaklega fólk sem er annars staðar af landinu, og fer að tala um þjónustuna í verslunum hér í bæ og hve góð hún sé. Þetta segir mér það, sem ég í raun og veru veit sjálfur, að fólk er ánægt með fólknið hennar Úllu, það er að segja félagi í Félagi verslunar- og skrifstofufólks. Við megum heldur ekki gleyma því að verslun og þjónusta er stærsta atvinnugrein okkar Akureyringa og það að fá svona góð meðmæli frá viðskiptavinum er alveg frábært. Þetta byggist líka á því að FVSA er að vinna vel fyrir félagsmenn sína.

Ég vil að lokum senda félaginu hugheilar afmælskveðjur, bæði fyrir mína hönd og Kaupmannafélags Akureyrar, og óska því jafnframt áframhaldandi velfarnaðar í störfum sínum.“

# Reynum að gera eins vel við félagsmenn og okkur er unnt

-segir Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA

**Ú**lfhildur Rögnvaldsdóttir hefur starfað hjá Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni í tæp fjögur ár og sem formaður félagsins frá því í febrúar sl. Félagstörfin hafa alltaf verið henni hugleikin og greinilegt að hún ber hag félagsmanna sinna mjög fyrir brjósti. Í viðtalinu stiklar hún á stóru um starf sitt og starfsemi félagsins, hverju hefur verið áorkað og hvað mætti betur fara.

Úlfhildur hefur starfað við verslunar- og skrifstofustörf alla sína starfsævi. Eftir störf í verslun og banka hóf hún störf hjá Lífeyrissjóði Sameiningar árið 1975, sem síðar breyttist í Lífeyrissjóð Norðurlands. Þar vann hún í 24 ár. Frá lífeyrissjóðnum fór hún í nokkur ár yfir til Neytendasamtakanna og Sjómannafélags Eyjafjarðar - vann hálfan daginn á hvorum stað. Hún hefur því starfað í Skipagötu 14 síðan húsið var tekið í notkun - og er þar enn. Úlfhildur hefur alltaf verið virk í félagsmálunum og má í því sambandi nefna að hún var bæjarfulltrúi á Akureyri í 12 ár og hefur átt sæti í fjölmörgum stjórnnum, nefndum og ráðum. *En hvernig vildi það til að hún tók að sér stjórnarstörf hjá FVSA?*

„Störf mín hér hófust með því að ég var kjörin í varastjórn félagsins en síðan var leitað til mín um að gefa kost á mér í aðalstjórn. Ég játti því og var varaformaður í þrjú ár en tók síðan við formennskunni í febrúar 2005. Allt það góða fólk sem skipar stjórnina og sem hér starfar á skrifstofunni tók mér afskaplega vel þannig að störf mín hafa reynst mér auðveldari fyrir vikið,“ segir Úlfhildur.

## Sumir atvinnurekendur brjóta á starfsfólki sínu

Úlfhildur segir að vissulega komi upp vandamál hjá félaginu sem séu erfið



Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA.

úrlausnar en yfirhöfuð sé vinnuumhverfið gott og starfið gefandi. „Það leitar til okkar fólk sem á í vanda og hefur orðið fyrir áföllum tengdum atvinnu sinni. Við reynum að leiðbeina því fólk sem leitar til okkar en því miður kemur fyrir að maður getur lítið annað gert en að hlusta. Svo er það oft að fólk vill ekki að við hjálpum því að leita réttar síns af ótta við að vera sagt upp störfum.“

Það er óþolandi þegar atvinnurekendur sniðganga samninga og reglur í skjóli þess að starfsfólkið treysti sér ekki til að gera neitt í málinu. Ég nefni launaviðtölin í þessu sambandi. Sérstaða verslunarfólks felst m.a. í því að taxtarnir eru einungis lágmarkstaxtar en að öðru leyti eru launin persónubundin og samningsatriði á milli atvinnurekanda og starfsfólks. Launaviðtöl eiga að fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári en því miður fara ekki allir atvinnurekendur eftir því og stundum þora launþegarnir ekki að malda í móinn.“

## Launamunur á milli kynja og landshluta

*-Verður þú vör við þann launamun á milli kynja sem fram kemur í nýjstu launakönnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur?*

„Við hjá FVSA sjáum hvað einstakur félagsmaður er að borga mikið í félagsgjöld en vitum ekki hversu mikil vinna liggur þar að baki eða hversu hátt starfshlutfall viðkomandi er. Því er erfitt að segja nákvæmlega til um hver launamunur kynjanna er. Hann er hins vegar örugglega ekkert minni hjá okkur en hefur komið fram í launakönnunum VR. Það er jafnframt ljóst að talsverður munur er á launum hér á þessu svæði samanborið við höfuðborgarsvæðið - okkur í óhag. Þessi munur er að mínum dómi allt of mikill og ætti auðvitað ekki að vera til staðar.“

Úlfhildur bendir á í þessu sambandi að höfuðstöðvar fyrirtækjanna séu gjarnan fyrir sunnan, og þar með æðsti yfirmaðurinn, og fólk viti því ekki alltaf við hvern það eigi að tala um kaup sín og kjör. „Margir álíta að viðkomandi yfirmaður hér fyrir norðan ráði litlu um launamálin. En auðvitað er þetta misjafnt eftir vinnustöðum og margir halda launafundi reglulega og framfylgja þar með ákvæðum kjarasamninganna.“

## Fólki þarf að líða vel í vinnunni

Starf Úlfhildar er ekki einungis bundið við skrifstofu FVSA og því fylgja talsverð ferðalög. „Ég er í stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna sem hittist reglulega yfir vetrarmánuðina. Á þeim fundum berum við saman bækur okkar og samræmum störf. Svo á ég sæti í miðstjórn ASÍ, sem hittist einnig reglulega.“

Úlfhildur á sæti í vinnumarkaðsnefnd innan ASÍ en sú nefnd átti hugmyndina að því að á nýafstöðnum ársfundi ASÍ var ítarlega fjallað um málefni



EKKI LÁTA ÚTLITID  
BLEKKJA ÞIG

BURT MEÐ  
LAUNAMUN  
KYNJANNA

**VR**

sem bar yfirskriftina: *Lífið í vinnunni*. „Við vildum með þessu vekja athygli á því að það er að meiru að hyggja en bara kaupi og kjörum. Vinnustaðurinn þarf að vera áhugaverður og eftirsóttur. Við eyðum miklum tíma í vinnunni svo það er nauðsynlegt að okkur líði vel þar. Vinnuandinn þarf að vera góður og nauðsynlegt er að huga að andlegu hliðinni og koma í veg fyrir óæskilega hluti á borð við einelti,“ segir Úlfhildur. Í þessu sambandi segir hún mikilvægt að starfsfólk kjósi trúnaðarmann úr sínum röðum og myndi þannig tengingu við stéttarfélagið sitt.

### Virkni félagsmanna

FVSA er næststærsta félag verslunar- og skrifstofufólks á landinu með um 1.500 fullgilda félagsmenn. Starfið er í nokkuð föstum skorðum en þátttaka félagsmanna mætti vera meiri, að mati Úlfhildar. „Þegar fólk hefur kosið sér trúnaðarmenn, stjórn félags og aðra forystumenn treystir það þeim til að fara með málefni sín. Það þýðir ekki að menn séu þar með alveg stikkfríir, fólk þarf að fylgjast með og halda okkur við efnið. Með því að koma ábendingum um það sem miður fer á framfæri við okkur, með heimsóknum á skrifstofuna, með símtölum eða með tölvupósti. Það er okkar starf hér á skrifstofunni að taka á móti ábendingum um

hvaðeina sem félagsmenn varðar og leita leiða til úrbóta,“ segir hún.

### Að ýmsu að hyggja

Úlfhildur segir félagsstarfið í FVSA fjölbreytilegt. „Haldin eru námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins og fulltrúaráð félagsins hittist reglulega, en í því eiga sæti kjörnir fulltrúar ýmissa vinnustaða. Fimm manna stjórn félagsins ásamt þremur varamönnum hittist svo mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn sjúkrasjóðs félagsins fundar einnig mánaðarlega, því alltaf eru þó nokkrir félagsmenn frá vinnu vegna veikinda og hafa nýtt réttindi sín hjá vinnuveitanda. Þeir eiga þá rétt á sjúkradagpeningum úr sjúkrasjóði félagsins. Svo skipuleggjum við orlofsferðir fyrir félagsmenn og árlega er eldri félögum boðið í leikhús, svo eitt-hvað sé nefnt. Það er því að ýmsu að hyggja.“



Elísabet allgrímsdóttir, í varastjórn FVSA.



Hildur Tryggvadóttir, í varastjórn FVSA.



Svavar Hannesson, í varastjórn FVSA.

- *Hver eru helstu verkefni stjórnar félagsins?*

„Stjórnin ber ábyrgð á rekstri félagsins og þar með talið hinum ýmsu sjóðum þess. Það er ærinn starfi út af fyrir sig. Þar að auki hugar hún að fjárfestingum félagsins en við erum alltaf í einhverjum tilfæringum með orlofshúsin okkar: Kaupum, seljum, leigjum, breytum og bætum. Við eigum núna fjórar íbúðir; þrjár í Reykjavík og eina á Egilstöðum. Ein íbúðin í Reykjavík er leigð þeim sem þurfa suður til að leita sér lækninga. Svo eigum við þrjá sumarhústaði á Illugastöðum, einn í Vagla-skógi og helming í bústað í Ölfusborgum. Það er heilmikil umsýsla í kringum þessa þjónustu og þá sérstaklega íbúðirnar í Reykjavík,“ segir hún.

### Öflugt fræðslunet

„FVSA styrkir félagsmenn sína til náms. Félagið er aðili að Starfsmenntasjóðum verslunarmanna sem starfa á landsvísu. Segja má að allt nám sem er í boði hér á landi og félagsmenn hafa áhuga á, hvort sem er í framhaldsskóla, háskóla, símenntunarstöð eða hjá öðrum viðurkenndum aðilum, sé styrkhæft. Við greiðum helming skólagjalda miðað við stig félagsmanns en þau ávinnur hann sér með greiðslu félagsgjaldsins. Það er ekkert þak á þessum styrkjum en svo greiðum við líka niður tólmstundanám að hálfu en aldrei hærrí upphæð en 30 þúsund á ári,“ segir Úlfhildur.

### Tæknibylting

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfsháttum verslunar- og skrifstofufólks á liðnum áratugum, og þá sérstaklega tæknilega séð. Faxtæki, tölvur, ljósritunarvélur, stimpilklukkur, skannar, tölvur, Internet, bókhaldsforrit, þráðlausir símar - þannig mætti endalaust telja. Aðspurð segir Úlfhildur að þrátt fyrir þessar miklu breytingar sé ekkert nám í kjarasamningum félags-



Stjórn félagsins 2005–2006. Efri röð f.v.: Einar Hjartarson ritari, Friðbjörg Jóhannsdóttir meðstjórnandi og Reynir Svanholt gjaldkeri. Framan við þau sitja Páll H. Jónsson varaformaður og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður.



manna launatengt. Í mörgum undanfarandi kjarasamningum hafa félag verslunar og skrifstofufólks staðið sameiginlega að samningagerð en þetta atvikið hafi ekki enn skilað sér þar inn. „Þetta virkar ekki mjög hvetjandi, en öll fræðsla er til góðs fyrir félagsmenn og skilar sér jafnframt til fyrirtækjanna með betri og hæfari starfsmönnum. Fyrir margar aðrar stéttir hefur náðst viðurkenning á námi og það skilar sér beint með launahækkun. Mér finnst vanta hér námsbraut fyrir ungt fólk sem vill gera afgreiðslu- og verslunarstörf að framtíðarstarfi. Þá vantar stefnu í fullorðinsfræðslu og endurmenntun, fólk nýtur ekki jafnréttis til slíks náms í dag.“



Úlfhildur Ragnvaldsdóttir, formaður FVSA, segir að það sé starf þeirra á skrifstofunni að taka á móti ábendingum um hvaðeina sem félagsmenn varðar og leita leiða til að greiða götu þeirra.

### Engin gróðasjónarmið!

Úlfhildur segir að félagið standi vel fjárhagslega. „Stefna stjórnarinnar er að safna ekki í sjóði en þjóna félagsmönnum sem best og standa sig ekki síður en önnur stéttarfélag í þeim efnum. Þegar talið berst að framtíðinni segir Úlfhildur að allt sé breytingum háð, mikið sé rætt um hagræðingu, samvinnu og sameiningu á öllum sviðum, það eigi einnig við innan verkalyðshreyfingarinnar. „Þeir sem veljast til forystu í stéttarfélagi verða ávallt að

vera reiðubúnir að skoða allar hugmyndir sem fram koma og hafna engu að óathuguðu máli, félögin eru til fyrir félagsmennina og alltaf þarf að hafa að leiðarljósi hvað þeim er fyrir bestu.“

### Félagsmenn fá afmælisgjöf

Ýmislegt er gert í tilefni 75 ára afmælis FVSA. Félagið greiddi til dæmis niður fargjöld félagsmanna sem fóru í til einhverrar þeirra þriggja borga sem Ferða-

skrifstofa Akureyrar hefur verið með ferðir til í haust.

Úlfhildur segist að lokum vilja hvetja sem flesta félagsmenn til að koma á skrifstofu FVSA í tengslum við afmælið, kíkja á sýninguna sem sett hefur verið upp á fjórðu hæðinni, þiggja kaffisopa og taka við gjöf frá félaginu í tilefni dagsins. Með það er hún rokin að sinna félagsmönnum sem biða eftir að ná tali af henni á skrifstofunni.

## Heiðruðu húsmæður...

Auglýsingar hafa fylgt verslunarfólki í gegnum tíðina. Þær eru tímanna tákn og gefa góða mynd af þeim viðhorfum og gildum sem ríkja í samfélaginu í hvert skipti. Á nokkrum stöðum í blaðinu eru sýnishorn af auglýsingum sem birtust í tímaritinu Fálkanum árið 1928. Eins og sjá má var auglýsingum á heimilsvörum einkum beint að húsmæðrum. Eini munurinn á þeim er hvernig húsmæðurnar voru ávarpaðar eða skírskotað var til þeirra: Kæra húsmóðir, hyggjin húsmóðir, vandlátar húsmæður, heiðruðu húsmæður og þar fram eftir götunum. Það er spurning hvaða viðbrögð slíkar auglýsingar fengju í dag. Sennilega dytti einhverjum í hug að kæra til jafnréttisnefndar...



# Heiðruðu húsmæður...

  
 Ávalt fjölbreyttar birgðir af  
**HÖNSKUM** fyrirleggjandi.  
**HANSKABÚÐIN.**  


## HYGGIN HÚSMÓÐIR

lífur í þyngju sína áður en hún lætur þess peninga fyrir eim.



Af bestu dósamjólkinni jafngildir í mjólkurdós 1 lítra nýmjólkur. — Hvaða vit er þá í því að kaupa mjólkurdósina mikið herra verði heldur en nýmjólkur-líterinn.

Ekki er það af því að hún sjé betri. Verið hagsýn, hafið ekki peningunum frá yður og það að mestu út úr landinu. Hugsið um velferð barnanna. Gefið þeim mikla nýmjólk.

Notið mjólkurmat í hverja máltíð, það verða áreiðanlega ódýrustu matarkaupin. En kaupið hana hjá:

**MJÓLKURFJELAGI  
REYKJAVÍKUR**

  
**BY TEST  
THE BEST**  
**DOLLAR  
SOAP**  
 GUARANTEED  
 PURE  
 AND FREE FROM  
 ALL IMPURITIES  
**HÚSMÆÐUR!**  
 Dollar-stangasápan  
 hreinsar betur og er  
 miklu mýkri fyrir hend-  
 urnar en nokkur önnur  
 þvottasápa.  
 Í heildsölu hjá  
**Halldóri Eiríkssyni**  
 Hafnarstræti 22. Reykjavík.

**KONUR!**  
 Lítið til karlmanna,  
 hve mjög þeir *liftryggja*  
 sig. — Eruð þjer eigi *jafn*  
*verðmætar* þeim?  
 „Andvaka“ — Sími 1250.

**HÚSMÆÐUR!**  
 Næst þegar þjer kaupið mjólk þá biðjið um  
**MJALLAR-MJÓLKINA.**  
 Stydjið innlendan iðnað!

# GULLVILD

- vertu góðu vanur

## Í Gullvild færðu betri kjör og frábæra þjónustu

### Þinn ávinningur:

- 200 fríar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkort
- Betri vaxtakjör

GULLVILD ÍSLANDBANKA er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drjúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustupættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma **440 4000** og á **isb.is**.



ÍSLANDBANKI | 100%

# Ég sé ekki eftir neinu!

– segir Jóna Steinbergsdóttir, sem gegndi formennsku í FVSA lengur en nokkur annar, eða í 18 ár

Jóna Steinbergsdóttir var formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni frá 1981 til 1998, eða um 18 ára skeið. Hún var aðeins önnur konan til þess að verða formaður félagsins frá því það var stofnað árið 1930. Hún starfaði í 16 ár á skrifstofu félagsins en hafði áður starfað hjá Kaupfélagi Eyfirðinga í 37 ár. Jóna lítur yfir farinn veg í viðtali við afmælisblað FVSA.



Jóna Steinbergsdóttir í ræðustól á þingi Lands sambands íslenskra verzlunarmanna árið 1987.

Jóna er ættuð frá Skriðu í Hörgárdal þar sem foreldrar hennar bjuggu. Faðir Jónu, Steinbergur Friðfinnsson, lést úr taugaveiki áður en Jóna fæddist. Jóna átti einn bróður, Ríkarð. Hann var verkfræðingur að mennt og bjó lengst af í Reykjavík en er nú látinn. Sumarrós Snorradóttir, móðir Jónu, fluttist með börnin sín tvö til Akureyrar þegar Jóna var 2ja ára gömul. Þær mæðgur bjuggu lengst af saman í Hriseyjargötunni - þar sem Jóna býr enn - en móðir hennar lést árið 2002.

Jóna hóf störf hjá Kaupfélagi Eyfirðinga er hún var á fjórtánda ári og starfaði þar í 37 ár, eða þar til hún hóf störf á skrifstofu FVSA árið 1983. „Starfsferill minn hófst sem starfsmaður í Brauðgerð KEA er ég var á fjórtánda ári. En 17 ára gömul var ég svo „lánuð“ í Matvöru-deild KEA. Sú ráðstöfun reyndist langtímalán því ég starfaði í matvöru-deildinni rúm 30 ár. Mér var sem sagt aldrei „skilað“ aftur!“ segir hún og hlær.

## Árið sem átjánfaldaðist!

Þegar leiðir Jónu og KEA skildu árið 1983 hóf hún störf á skrifstofu FVSA. Áður en hún hóf störf á skrifstofunni var hún búin að vera formaður félagsins í tvö ár og varaformaður þess í tvö ár þar á undan.

„Kolbeinn Sigurbjörnsson var búinn að vera formaður félagsins í eitt ár þegar hann kom til mín og sagðist hafa of mikið að gera til að geta sinnt formennskunni almennilega. Hann sagði

jafnframt að þar sem enginn vildi taka félagið að sér leitaði hann til mín, ég var jú varaformaður félagsins á þessum tíma. Hann sagði að ég gæti vel gert það sama og hann, sitja sem formaður í eitt ár og fá svo einhvern annan í starfið. Ég gat ekki skorast undan þessu, lét því á endanum til leiðast og tók að mér formennsku í félaginu. Árin í formannsstólum urðu nú reyndar átján en ekki eitt, eins og til stóð í upphafi!“ segir Jóna og bætir við: „Ég skil ekki ennþá hvernig Kolbeinn gat talað mig inn á að taka að mér formannsstarfið.“

## Fékk ársfrí frá störfum

Jóna tók við formennsku í FVSA í þeirri trú að eiga þar stutt stopp, en áhuginn á starfinu var það mikill að ekki varð aftur snúið og á endanum sat hún í formannsstólum lengur en nokkur annar hefur gert til þessa.

„Þegar ég hóf störf sem formaður var starfið launalaust, en engu að síður fól það í sér mjög mikla vinnu. Í raun var um svo mikla vinnu að ræða, að mér fannst ég varla geta sinnt annarri

vinnu samhliða formennskunni. Ég fékk því ársfrí frá störfum til að byrja með.“ Hún segir að þar með hafi framtíðin verið ráðin, þó hana hafi aldrei grunað að hún myndi starfa sem formaður félagsins í 18 ár. „Ég fékk brennandi áhuga á starfinu og fannst eins og ég gæti aldrei farið frá félaginu. Það var alltaf eitthvað á döfinni hjá félaginu sem ég vildi ná í gegn áður en ég hætti.“

## Beint í djúpu laugina!

Jóna hafði aldrei stigið í pontu áður en hún var kosin formaður og segir hún að þetta hafi verið eins og að stökkva beint út í djúpu laugina. „Ég hef aldrei verið málglöð í pontu. Það á betur við mig að eiga samskipti við fólk sitjandi við borð, enda aldrei farið á ræðu- eða framkomunámskeið.“

*Nú þjónar FVSA aðallega Akureyri og nágrenni þess. Fylgdu starfinu samt ekki heilmikil ferðalög og þingseta ýmiss konar?*

„Félagssvæðið var víðfeðmt og náði til Dalvíkur, Ólafsfjarðar, Hriseyjar og Grenivíkur og því fylgdu alltaf nokkur ferðalög. Svo var ég í mörg ár í stjórn Lands sambands íslenskra verzlunarmanna og þurfti þess vegna að ferðast mikið. Og svo sótti ég þing Alþýðusambands Íslands. Á þessum árum stofnuðum við líka Landsbyggðarsamtökin en það vakti ekki mikla lukku hjá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur. Því fannst við vera að draga okkur úr samstarfi við það en okkur fannst við bara eiga miklu meira sameiginlegt með verslunar- og skrifstofufólki á landsbyggðinni. Þetta félag lognaðist þó seinna meir útaf.“

Aðspurð um verkfallsátök í formannstíð sinni segir Jóna að árið 1988 hafi verið sérstaklega erfitt hvað það varðar. „Þá voru verkföll í hálfan mánuð. Starfsmenn á Akureyrarflugvelli voru í félaginu okkar og við fórum meðal annars út á völl til að ganga úr skugga um að ekkert flug yrði meðan á



Jóna við störf hjá Kaupfélagi Eyfirdinga þar sem hún starfaði í 37 ár, allt þar til hún hóf störf á skrifstofu FVSA árið 1983. Takið eftir mjólkurbrúsunum við fætur drengsins.

verkfalli stöð. Þau afskipti enduðu með því að ég fékk á mig dóm. Menn náðu ekki lendingu í samningaviðræðum svo við fórum í að semja við einstaka atvinnurekendur. Þeir gengu flestir að kröfum okkar. Það voru átök úti um allan bæ en þar sem ég var dögum saman á samningafundum fyrir sunnan, frétti ég ekki af þeim öllum fyrir eftirá. Ég vildi að haldið yrði áfram að reyna að ná betri samningum fyrir norðan, en á endanum var samið á landsvísu. Það fór þó eins og mig grundaði, þeir samningar voru felldir og sáttatillagan líka. Þetta samningaferli endaði eins og svo oft áður, í alltof lítilli kjarabót," segir Jóna.

### Mikið fjör að koma orlofsíbúðunum í gagnið

Á þeim átján árum sem Jóna var formaður gerðist margt skemmtilegt hjá félaginu og hún verður dreymin á svip er hún rifjar upp góða tíma. „Það ber helst að nefna allt það góða fólk sem ég starfaði með og það sem við gerðum saman. Eitt það skemmtilegasta var þegar við vorum að standsetja íbúðir félagsins í Reykjavík og á Egilsstöðum. Þá var

alltaf mikið fjör. Stjórn og starfsfólk fór yfirleitt saman, verslaði inn, þreif og málaði. Við gerðum allt sjálf, enda alltaf verið að leitast við að spara. Ekki sakaði hversu vinsælar íbúðirnar urðu, og þá sérstaklega þær í Reykjavík. Þær hafa verið í stanslausri leigu allt árið og sjúkraíbúðin bætti úr brýnni þörf.“

Jóna segir að það hafi verið mjög spennandi að standa að byggingu Alþýðuhússins að Skipagötu 14. „Það var Jón Helgason hjá Einingu sem var frumkvöðull að því verki. Ég snérist í hringi áður en tekin var ákvörðun um hvort við hjá FVSA ættum að taka þátt í verkefni, enda um stórbyggingu að ræða á þessum tíma. En sem betur fer létum við slag standa. Það varð mjög farsælt fyrir félögin hér á Akureyri að komast í

sameiginlegt húsnæði og samvinnan varð meiri fyrir vikið.“

### Aldrei ánægð með kjaramálin

Jóna segir að vitandi það sem hún veit í dag þá hefði hún hiklaust svarað Kolbeini á sama hátt og hún gerði þegar hann falaðist eftir því við hana að hún tæki að sér formennskuna.

„Ég hefði sagt já án þess að hugsa mig um, ég sé ekki eftir neinu. Ég hefði hætt löngu fyrir ef ég hefði ekki kunnað við mig í starfinu. Það var alltaf eitt-hvað skemmtilegt að gerast og alltaf heilmikil spenna fyrir aðalfundinn ár hvert, hvort maður héldi áfram sem formaður eða ekki. Ég fékk tvisvar sinnum móttframboð en vann í bæði skiptin. En ég vil taka það fram að ég hefði aldrei enst svona lengi í þessu starfi ef það hefði ekki verið fyrir frábært samstarfsfólk, bæði á skrifstofu félagsins og í öllu félagsstarfi tengdu FVSA.“

Jóna segir að hún hafi aldrei verið ánægð með kjaramálin. „Það eina sem ég sé eftir er að við náðum ekki að áorka meiru í þeim málum. Ég er mjög ánægð með herferðina sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur er með í gangi núna og ber yfirskriftina: *Ekki láta útlit-ið blekkja þig*, og vona að hún beri tilætlaðan árangur. Þetta er stórsniðug herferð, en því er ekki að neita að það var og er betur búið að karlmönnum en konum, bæði launalega séð og í sambandi við stöðuhækkanir.“

### Lætur sér ekki leiðast

Jóna lét af formennsku árið 1998 og hætti á skrifstofu FVSA árið 2000. Á þeim tíma var móðir hennar orðin mjög veik og lést hún í ársbyrjun 2002, sem fyrir segir.

„Nú er ég frekar áhyggjulaus og geri bara það sem mér sýnist. Ég giftist aldrei, á ekki börn og er því engum háð. Ég er heilsuhaus og byrja daginn á því að fara í sund og síðan í leikfimi í góðra kvenna hópi. Einnig hef ég mörg önnur áhugamál og hef alltaf nóg að gera," segir Jóna sem vill að lokum óska félaginu sínu alls hins besta um ókomna tíð.



Fyrstu þrjú starfsmenn FVSA á skrifstofunni í „den tíð“. Talið f.v.: Erla Halls (starfsmaður frá 1984), Jóna Steinbergsdóttir (starfsmaður 1982–2000) og Ása Helgadóttir (starfsmaður 1974–1993).

# Var ekki þjattrófa sem stelpa

Snyrtifræðingurinn og einn eigandi snyrtistofunnar *Hár og heilsa*, Auður Kristinsdóttir, lætur vel af rekstri sínum. Hún segir það hafa verið gott að byrja að vinna aftur eftir fæðingarorlof.

- Af hverju valdir þú að læra snyrtifræði?

„Ég var alls ekki týpan sem var alltaf að leika mér að snyrtihausum þegar ég var lítil. Ég var ekki þjattrófa sem lítil stelpa. Ég fékk ekki áhuga á snyrtifræðinni fyrr en á unglingsárunum. Það hafði verið draumur minn að læra erlendis, svo þegar mér bauðst að læra snyrtifræði í London, þá stökk ég á tækifærið.“

- Hverjir eru helstu viðskiptavinirnir?

„Að mestum hluta eru það konur frá tvítugu og upp úr. Konur, 67 ára og eldri, eru mjög duglegar að koma til okkar.“

- Er karlmenn ekki farnir að nýta sér þjónustu ykkar í auknum mæli?

„Jú, þeir eru alltaf að verða stærri kúnnahópur. Þeir eru kannski feimnir þegar þeir koma inn fyrst en síðan er þetta ekkert mál. Þeir eru þá helst að koma í fót snyrtingu og í andlitshreinsun. Við bjóðum einnig upp á nudd og karlmennirnir eru duglegir að mæta í það.“

- Hverjir eru svo skemmtilegustu viðskiptavinirnir?

„Þeir eru allir skemmtilegir á sinn hátt. Ég hef mjög gaman af því að vinna með ólíkum karakterum. Það myndast líka alltaf skemmtilegt andrúmsloft á stofunni við sérstök til efni, eins og þegar brúðir koma til okkar. Þá er svo mikil gleði og hamingja í loftinu.“

- Er ekki langir vinnudagar hjá snyrtifræðingum?

„Jú, þeir geta verið það. Sérstaklega þar sem við bjóðum einnig upp á þjónustu á kvöldin og um helgar. Þá kemur það sér vel hvað við erum margar sem vinnum hérna og getum því skipt þessu niður á okkur. Áður fyrr vann ég oft mjög langa vinnudaga en eftir að börnin komu í heiminn hef ég minnkað við mig vinnuna niður í 70%.“

## Vildi sjá launin fara upp á við

- Hvað er vinsælast hjá ykkur?

„Það er plokkun og litun. Svo getur það líka farið mjög eftir árstíðum og tískusveiflum. Á vorin koma t.d. margir og láta gera tærnar á sér sætar fyrir sumarið. Brúnkumedferðin var einnig mjög vinsæl í fyrrasumar en vinsældirnar hafa dalað.“

- Ertu almennt ánægð með kjör og réttindi snyrtifræðinga?

„Ég myndi mjög gjarnan vilja sjá launin fara upp á við. Því miður eru launin lægri hér en á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan er dýrari þar og þar á móti eru launin hærrí. Það er mjög erfitt að hækka verðið á þjónustunni hér án þess að missa viðskipti.“



Auður Kristinsdóttir kíkir á soninn, Atla Hrannar 9 mánaða, sem sefur vært í vagninum. Fyrir á hún Ólavíu Klöru, sem er 4 ára. Auður er nýbyrjuð að vinna aftur eftir fæðingarorlof.

- Að lokum, nýtir þú þér þá þjónustu sem FVSA býður upp á?

„Það eru aðallega íþróttaendurgreiðslurnar og sumarþáttaleigan sem ég hef nýtt mér. Svo reynir maður að leiðbeina starfsmönnum sínum um réttindi þeirra. Ég leita oft til FVSA ef það koma upp einhver álitamál. Þær eru einstaklega liðlegar, konurnar sem vinna þar,“ segir Auður að lokum.



# TRAUSTUR BAKHJARL Í HEIMABYGGÐ!



KAUPFÉLAG EYFIRÐINGA SVE. • HAFNARSTRÆTI 91 - 95 • SÍMI 460 3000 • WWW.KEA.IS



## Einfaldlega betri þjónusta

Við vitum að góð þjónusta við viðskiptavini okkar leiðir til þess að þeir koma aftur og aftur. Þess vegna leggjum við áherslu á þægindi, hraða þjónustu og frábært vöruúrval fyrir heimilið, bílinn og bílstjóran.



ÞÚ FINNUR MUNINN

Olís, Glerárstöð • Tryggvabraut 1 • Sími: 460-3639 • www.olis.is • Opnunartími: Mán. - lau. 7:30 - 23:30 • Sunnudaga: 9:00 - 23:30

# Starfsumhverfið hefur breyst gífurlega

Í var Sigurjónsson veit allt sem vita þarf um byggingavörur, enda starfað í byggingavöruslunum alla sína starfsævi. Það var mynd af Ívari í seinasta afmælisblaði FVSA, sem kom út árið 1980, en þá var hann verslunarstjóri í Byggingavöruslun Tómasar Björnssonar. Nú 25 árum seinna er hann enn að selja timbur. Hann segir starfsumhverfið hafa breyst gífurlega í gegnum árin en vinnan sé alltaf jafn skemmtileg.

- Nú hefur þú unnið í átta ár í BYKO, er það satt að þú hafir alla þína starfstíð unnið á Eyrinni?

„Nei, ekki alveg. Ég vann um tíma í sveitinni, þ.e. í byggingavörudeildinni á Lónsbakka. Ég hef alla tíð unnið í byggingavöruslun. Byrjaði fyrst sem sumarstarfmaður í byggingavöruslun og ætlaði síðan í skóla um haustið. En sumarið stendur enn og ég kann mjög vel við mig í timbrinu.“

- Þú hlýtur þá að hafa starfað í flestum byggingavöruslunum á Akureyri?

„Flestum, já. Ég byrjaði í Byggingavöruslun Tómasar Björnssonar, fór þaðan í byggingavörudeildina hjá KEA, síðan í Metro og endaði í BYKO. Það hefur verið haft á orði að ég sé svo asskoti naglfastur!“

- Ertu handlaginn líka?

„Nei, get nú ekki sagt það. Ég er mun betri í að segja öðrum hvernig á að gera hlutina. Maður hefur þó lært helling með árunum og í seinni tíð get ég alveg bjargað mér með sögina.“

## Þarf að vera með alla hluti á hreinu

Ívar segir verslunarstarfið hafa breyst mjög mikið frá því að hann hóf starfsferil sinn. „Vöruúrvalið er t.d. orðið miklu meira og kröfurnar hafa aukist gífurlega. Fólk vill geta gengið að hlutunum vísu. Mitt starf hefur í rauninni breyst úr afgreiðslustarfi í starf sölu-



Það er alltaf nóg að gera hjá Ívari í vinnunni, enda leitar fólk oft sérstaklega til hans.

manns. Maður þarf að vera með alla hluti á hreinu því viðskiptavinurinn gerir þá kröfu. Þeir eru margir hverjir að eyða aleigunni hjá okkur og því skiljanlegt að þeir vilji fá góða þjónustu. Fólk er farið að gera svo mikið sjálft. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að geta ráðlagt vel. Annars hefur viðmót viðskiptavinarins ekki breyst mikið á þessum árum. Það er aðallega starfsumhverfið sem hefur breyst.“

Aðspurður segir Ívar að margir við-

skiptavinir leiti sérstaklega til hans og það sé mjög ánægjulegt. „Það eru viðskiptavinirnir sem maður hefur mest gaman af og margir hverjir eru orðnir góðir kunningjar mínir.“

## Fullangir opnunartímar

- Ertu í aðalatriðum sáttur við allar þessar breytingar?

„Opnunartímarnir eru orðnir fullangir. Við höfum bara opið milli 10 og 2 á laugardögum og mér finnst það alveg nóg. Fólk verður bara að sýna smá fyrirhyggju og versla á virkum dögum ef það ætlar að brasa eitthvað um helgar.“

- Hefur þú verið virkur í stéttarfélaginu þínu?

„Nei, ég hef ekki starfað með FVSA en verið í félaginu frá því ég byrjaði að starfa. Ég tel mig vera nokkuð vel inni í réttindum fólks þar sem ég hef þessi seinni ár séð um að ganga frá vinnuskýrslum starfsmanna. Ég þarf því að hafa veikindaréttindi og fleira á hreinu. Þetta eru hlutir sem ekkert allir eru að spá í,“ segir Ívar að lokum. Þar með er hann rokinn að sinna viðskiptavinunum.



Mynd af Ívari sem birtist í afmælistímariti FVSA í tilefni af 50 ára afmæli félagsins árið 1980.






## SAMANBURÐUR Á REKSTRARKOSTNAÐI OG ÁVÖXTUN 2004

	Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	Raunávöxtun
<b>Lífeyrissjóður verzlunarmanna</b>	<b>0,08%</b>	<b>12,0%</b>
Meðaltal samtryggingarsjóða	0,15%	10,6%
Almenni lífeyrissjóðurinn	0,15%	7,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	0,18%	9,3%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	0,47%	6,0%
Lífeyrisreikningar bankanna	—	6,0% (meðaltal)

Eins og ofangreindar tölur bera með sér er rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna einna lægstur lífeyrissjóða á sama tíma og ávöxtunarárangur sjóðsins skiptar honum í hóp hinna bestu.



# Glatt á hjalla!



Birna, Auður, Fanney, Áslaug og Þorgerður hressar í einni af árlegum leikhúsförðum félagsins.



Á fimmtíu ára afmæli FVSA slógu Guðbjörn Gíslason og Rúnar Steingrímsson heldur betur í gegn með undirfatasýningu. Þeir eru nú sætir þarna strákarnir!



Það er alltaf líf og fjör í jólaboðum FVSA. Hér taka Ása Helgadóttir, Þórður Rist og Gunnlaugur Guðmundsson lagið.



Tveir höfðingjar, Kristinn Pálsson og Halldór Jóhannesson, ræðast við í einni af mörgum sumarferðum FVSA.



Mikil gleði var þegar sumarhús númer 19 að Illugastöðum var vígt árið 1979.



Bragi Jóhannsson, fyrrverandi formaður FVSA, og kona hans Áslaug Kristinsdóttir mæta galvösk í 50 ára afmæli félagsins.

Það er nauðsynlegt að gera sér dagamun annað slag. FVSA hefur í gegnum tíðina verið duglegt að sinna félagsmönnum sínum. Árlega fara eldri félagar FVSA í leikhúsfærð sem byrjar ávallt með girnilegu kaffihlaðborði. Annað hvert ár er farið í tveggja daga ferð um landið en dagsferð hitt árið. Einnig hefur verið farið í nokkrar utanlandsferðir. Svo er ekki úr vegi að lyfta sér aðeins upp eftir stóra fundi og aðra merkilega viðburði. Hér má sá nokkrar myndir sem teknar hafa verið á gleðistundum hjá félaginu.



Í einni af sumarferðum FVSA hópuðu sig saman þær konur sem hafa unnið í Amaró. Frá vinstri, Svanfríður, Kolbrún, Vilborg, Aðalheiður, Björg, Auður, Lára, Erla og Halldóra.



Höpmynd af eldhressum félagsmönnum FVSA í sumarferðinni 2004.



Gylfi Pálsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Jóna Steinbergsdóttir og Pálmi Björnsson taka lagið í enn einu jólaboðinu. Það var aldrei lognmolla í kringum Jónu formann.



Gunnlaugur, Lauga og María á góðri stund árið 1992.



Erla Stefánsdóttir, Ólöf Sveinsdóttir, Jóhanna Austfjörð, Hrefna Hjálmarsdóttir og Jóhanna Jóhannsdóttir dást að Goðafossi í sumarferðinni 2005.



Þrautakóngur!

# Þættir úr sögu félagsins

*félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fagnar nú 75 ára afmæli sínu. Á slíkum tímamótum er til siðs að líta um öxl og rifja upp liðna daga. Ekki er þó unnt að rekja að neinu marki sögu félagsins fyrr en hugað hefur verið örlítið að þeim þjóðfélagslegu aðstæðum er fyrir voru á þeim tíma þegar félagið var stofnað. Atvinnuleysi var, ef svo má að orði komast, fastur liður hins daglega lífs. Verkamenn höfðu enga atvinnu í 4 til 6 mánuði á ári. Það ríkti kreppa bæði á meginlandi Evrópu og í Ameríku. Hér á landi var algengt að menn á besta aldri réðu sig sem matvinnunga yfir vetrarmánuðina úti um sveitir og fengu færri en vildu. Verkamenn og sjómenn stofnuðu stéttarfélag þegar fyrir aldamótin 1900. ASÍ var stofnað 1916. Á þann hátt reyndu þeir aðilar að rétta sinn hlut. En árið 1930 var fyrsta stéttarfélag verslunarmanna hér á landi stofnað. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur er að vísu stofnað 1891 en það varð ekki stéttarfélag fyrr en 1955. FVSA er elsta stéttarfélag verslunarmanna á Íslandi, stofnað 2. nóvember 1930.*

*Upprifjun á sögu félagsins til ársins 1980 er útdráttur og endursögn á grein Baldurs Halldórssonar skrifstofumanns, sem birtist í afmælisblaði FVSA árið 1980. Í síðari hluta greinarinnar rifjar ritnefnd félagsins, Erla Halls, Jóna Steinbergsdóttir og Páll H. Jónsson, upp árin frá 1980 og til dagsins í dag.*

## Barist um hvert fastlaunað starf

Hvað kom til að svo seint var brugðist við af þessari stétt? Innan þessa hóps voru þá allmargir sem höfðu verklega menntun og margir vanir margvíslegum félagslegum störfum. Í fyrsta lagi var hörð samkeppni um hvert fastlaunað starf. Allir áttu þann draum að fá fast starf og þurfa ekki að hafa áhyggjur af atvinnuleysi. Svo kemur að hinni pólitísku hlið málanna. Þeir sem vildu eða beittu sér fyrir kjarabaráttu þessara ára voru oftast en ekki kallaðir rauðliðar eða kommúnistar, sem var ekki eftirsóttur titill á þessum árum. Það vildi heldur enginn hætta á það að missa hið eftirsóttu starf ef hafin væri stofnun á einhvers konar kjarabaráttu. Ekki má heldur gleyma því að skiptingin í „flibbamennt með hvítar hendur“ og hins vegar eyrarvinnumenn og sjóara

kann að hafa komið í veg fyrir eðlilega samstöðu láglounastétta þjóðfélagsins í



Stund milli stríða á verkfallsvakt 1988. F.v.: Sigursteinn Vestmann, Garðar Aðalsteinsson, Þorgerður Guðmundsdóttir og Sigurður Jóhannsson.

sameiginlegri baráttu fyrir bættem kjörum.

## Stofnun félagsins

Ekki er unnt að sjá hver átti fyrstu hugmyndina að stofnun félagsins. Fyrsta fundargerðin er skráð 31. júlí 1930 en fundurinn var haldinn í samkomuhúsinu Skjaldborg. Var þetta framhald af fundi frá því fyrr í mánuðinum. Ekki voru þetta fjölmennir fundir og því ekki gengið frá formlegri samþykkt laga fyrr en á framhaldsstofnfundi þann 2. nóvember 1930. Var þá félagið endanlega stofnað og fyrsta stjórn FVSA kosin en hana skipuðu, Halldór Aspar formaður, Árni Jóhannsson ritari og Stefán Ágúst Kristjánsson gjaldkeri.

Á framhaldsfundi 7. desember kemur fram að stofnfélagar eru 26 talsins. Þeir finna félaginu starfsgrundvöll og er kosið í þrjár þriggja manna nefndir: Fræðslu- og félagsmálanefnd, umræðunefnd og skemmtinefnd. Þegar á þessum fundi kom upp sú hugmynd að koma á stofn ráðningaskrifstofu en ekki er að sjá á gjörðabókum félagsins að ráðist hafi verið í þá framkvæmd.

## Spurningalisti og vinnutími

Ekki er minnst á kaupgjald á fyrstu

árum félagsins en eitt af fyrstu verkum þess var að reyna að hafa áhrif á vinnutímann. Á árinu 1933 var öllum verslunareigendum og skrifstofustjórum sendur spurningalisti þar sem þeir voru meðal annars spurðir hvort þeir væru fylgjandi því að öllum sölubúðum og skrifstofum væri lokað kl. 4 á laugardögum yfir sumartímann sem og á laugardögum fyrir páska, hvítasunnu og aðrar stórhátíðir ársins. Sanngjarnt þótti að brauð- og mjólkurbúðum væri lokað á sama tíma og öðrum búðum á virkum dögum en mættu vera opnar til kl. 4 á helgidögum. Beðið var um stuðning við að fyrsti mánudagurinn í ágúst yrði almennur frídagur verslunarmanna. Jafnframt að lögreglu eftirlit yrði haft með því að sölubúðir lokuðu á tilsettum tíma og eftirlit haft með að ölsölubúðir seldu ekki annað en heyrði undir veitingaleyfi þeirra. Þátttaka var mikil í þessari könnun og allir liðir samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta. Var þessi niðurstaða síðan send bæjarstjórn og ekki löngu síðar var lögreglu samþykkt bæjarins um lokunartíma sölubúða breytt samkvæmt því.

Enn er þetta mál á dagskrá 1937 en þá var stefnt að því að fá verslunum og skrifstofum lokað kl. 1 á laugardögum. Voru skiptar skoðanir um það sem og um breytingar á opnunartíma mjólkur- og brauðbúða. Hvort tveggja var þó samþykkt með rúmlega helmingi atkvæða. Nær allir voru samþykkrir því að



Starfsstúlkur hjá Höldi fagna unnum sigri þegar vaktavinna var afnumin árið 1979. Var þá að ljúka langri og erfiðri baráttu.

hafa lokunartímann kl. 6 á virkum dögum. Það eftirminnilegasta frá þessum árum var því laugardagslokunin.

### Skemmtilegar hugmyndir

Í fyrstu var árgjald félaga ákveðið 10 krónur, sem telja verður hátt miðað við laun á þessum tíma. Þetta gjald reyndist þó of hátt og erfitt til innheimtu. Árið 1932 var það lækkað um helming og árið 1937 var það komið niður í 2 krónur. Það er því ljóst að ekki var að vænta stórra afreka þar sem fjárhagur félagsins var ekki upp á marga fiska.

Margar skemmtilegar hugmyndir komu þó upp og árið 1933 var rætt um að félagið kæmi sér upp sumar skála er nota skyldi á sumarferðum þess. Var þó látið nægja að kaupa tvö tjöld sem síðan voru notuð um árabíl á ferðum félagsins. Þá var einnig mikið rætt um fræðslustarfsemi, bæði í formi námskeiða og undirbúningsnámskeiða fyrir verslunarskóla. Um raunverulegar framkvæmdir var þó sjaldnast að ræða.

### Fallnir forystumenn

Árið 1935 andaðist Halldór Aspar, formaður félagsins. Hann var mikill félagshyggjumaður og dugnaðarforkur innan félagsins. Nokkuð virðist því hafa dregið úr starfsemi félagsins um þessar mundir. Samt sem áður hófst árið 1935 samstarf við Norræna félagið og átti FVSA fulltrúa á norrænu verslunar- og bankamannamóti. Enn voru haldin skemmtikvöld, farnar skemmtiferðir og farið í gönguferðir um nágrennið en það var einmitt í einni slíkri sem sá sviptlegi og sorglegi atburður gerðist að einn úr stjórn félagsins, Alfred Jónsson, andaðist. Var það félaginu mikið áfall. Hann hafði skömmu fyrir dauða sinn borið fram þá tillögu að félagið beitti sér fyrir að sumarleyfi yrði tvær vikur. Kaupfélag Eyfirdinga varð svo fyrst til að gefa starfsmönnum sínum tvær vikur í sumarfrí en það mun hafa komið í stað þess að borga yfirvinnu í tengslum



Kolbeinn Helgason og Ása Helgadóttir voru gerð að heiðursfélögum FVSA árið 1996. Kolbeinn er fyrrverandi formaður félagsins, auk þess að hafa starfað einna lengst í fararbroddi þess. Það var á stjórnarárum hans sem félagið komst yfir mestu fjárhagserfiðleikana og varð að fullburða stéttarfélagi. Ása var fyrsti starfsmaðurinn á skrifstofu félagsins og starfaði þar í nær tvo áratugi.



Þessi mynd var tekin á fallegu sumarkvöldi árið 1984 þegar sumarhúsið Laufskáli í Aðaldal var vígt.

við hátíðahöld vegna 50 ára afmælis KEA. Eftir það var sumarleyfið tvær vikur í mörg ár og mun minni atvinnurekendum á staðnum ekki hafi verið stætt á öðru en að gera slíkt hið sama.

### Fyrstu kjarasamningarnir og klofningur félagsins

Árið 1937 var stjórnarmönnum fjölgað í

5 og sumarleyfamálin bar hæst. Svo var haldinn félagsfundur árin 1938 og 1939 en að öðru leyti lá starfsemi félagsins nánast niðri og næsti fundur var ekki haldinn fyrr en 1946. Hann sátu um 60 manns en varaformaður félagsins, Kristbjörg Dúadóttir, stjórnaði honum. Sagði hún að það væri almennur áhugi fyrir því að félagið hæfi störf að nýju.

Í fyrsta sinn var byrjað að tala um kaup og kjör af einhverri alvöru innan félagsins og félagið gerði sína fyrstu kjarasamninga árið 1946. Á félagsfundum sama ár kom fram sú tillaga að starfsmenn KEA gerðu sérsamninga, þar sem þeir töldu sig geta fengið betri samninga en þeir höfðu. Við þetta klofnaði félagið og enn og aftur dró úr starfsemi þess í nokkur ár. Það var ekki fyrr en árið 1954, þegar Kolbeinn Helgason bar fram tillögu um sameiningu og að framvegis yrði gengið til samninga undir nafninu FVSA, sem sátt tókst um þessi mál.

Þrátt fyrir það urðu stjórnarskipti árið 1953 og gerðir nýir kjarasamningar. Með hinni nýju stjórn hvarf jafnframt öll viðleitni til skemmtanahalds. Sama ár gekk félagið í Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og breytingar voru gerðar á lögum félagsins samkvæmt því. Árið 1960 urðu svo þáttaskil í sögu félagsins, því þaðan í frá varð ekkert hlé á starfsemi þess og þróun þess varð samfelld. Formaður félagsins þá, Kristófer Vilhjálmsson, var hinn mesti dugnaðarforkur með ríka félagshyggju- og ábyrgðartilfinningu.



Tveir fyrrverandi formenn. F.v.: Kolbeinn Sigurbjörnsson og Guðmundur Björnsson í jólakaffi á skrifstofu félagsins í Brekkugötu 4.



Stjórn og varastjórn á 50 ára afmæli FVSA. Talið frá vinstri: Hörður Steinbergsson, Gunnar Hallsson, Ólafur Aðalsteinsson, Jóna Steinbergsdóttir, Kolbeinn Sigurbjörnsson, Ása Helgadóttir, Kristín Jóna Halldórsdóttir og Þórhur Rist.

## Fjárhagur félagsins og tekjuöflun

Fjárhagur félagsins hafði lengi verið bágur en þegar hér var komið sögu var félagið starfandi bæði í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og ASÍ og leiddi það af sér útgjöld er finna varð tekjustofn á móti. Var því ráðist í að hækka árgjöldin. Verulegasta breytingin á þessum málum varð þegar aðalfundur 1964 samþykkti svohljóðandi lagabreytingu: „Öllu starfandi verslunar- og skrifstofufólki á félagssvæðinu er skylt að vera í félaginu og gangast undir lög og reglur þess.“ Þetta bætti að sjálfsögðu fjárhag félagsins en hann var þó ekki tryggður fyrr en upp var tekin hlutfallsgreiðsla af launum, ásamt innheimtuskyldu atvinnurekenda. Það merka spor var stigið til fulls árið 1972.

## Húsnæðismál

Forráðamönnum félagsins var það allsnemma ljóst að félagið myndi þurfa fast aðsetur þar sem félagsmenn gætu leitað sér ýmiss konar leiðbeiningar í sambandi við kjaramál og önnur félagsleg viðfangsefni. Þetta var fyrst rætt á fundi árið 1964 en félagið fékk fyrst afnot af húsnæði sem íþróttafélagið Þór hafði til leigu að Hafnarstræti 107 og hafði opið tvisvar í viku, 1-2 klukkustundir í senn. Árið 1971 keypti síðan

félagið efri hæðina í Brekkugötu 4 í félagi við Sjómannafélag Eyjafjarðar og Sveinafélag járniðnaðarmanna. Þessi félög keyptu síðan allt húsið árið 1976. Draumurinn um orlofshús varð svo

loksins að veruleika árið 1972 þegar eitt slíkt var keypt á Illugastöðum. Síðan var annað hús byggt á Illugastöðum og vígt með pompi og prakt árið 1977.

## Fullburða stéttarfélag

Á miðju ári 1974 var ákveðið að hafa opna skrifstofu hálfan daginn og í framhaldinu var Ása Helgadóttir ráðin til starfans. Umsvif félagsins jukust hratt og skömmu síðar varð ekki lengur undan því vikist að auka skrifstofustarfið í fulla vinnu.

Sama ár var farið að huga að sögu félagsins og hafist handa við að safna myndum af öllum þeim sem höfðu setið í stjórn félagsins. Var þetta gert að áeggjan Kolbeins Helgasonar, þáverandi formanns, en hann lét af forystu félagsins haustið 1977 eftir að hafa starfað lengst í fararbroddi þess. Í hans tíð tókst að skapa félaginu fjárhagslegan grundvöll, það sagði skilið við bernsku- og unglingsárin og var orðið fullburða stéttarfélag.

Við óskum  til hamingju með 75 ára afmælið

**CENTRO**  
Sími 461 2747

**Isabella**

Sími 461 1209

**ÁSBYRGI - flóra**  
Frosstögúta 2a, 603 Akureyri, Sími 462 3280 & 461 1155

Sími 462 3280



**TÖLVUFRÆDSLAN AKUREYRI**  
NÁM SEM NÝTIST

www.tf.is

**fremri**  
KYNNINGARÞJÓNUSTA

Sími 461 3666 · www.fremri.is



Að störfum á þingi Alþýðusambands Norðurlands fyrir allnokkrum árum. F.v.: Páll H. Jónsson, Siguróli M. Sigurðsson og Guðrún S. Óskarsdóttir.

## Launamál og fyrsta verkfallið

Á fyrstu árum félagsins var ekki minnst á launamál en almenn laun við afgreiðslustörf voru þá 100 til 180 krónur á mánuði. Önnur laun innan stéttarinnar voru svo í hlutfalli við það. Engar verulegar breytingar urðu á þessum málum fyrr en kom fram á styrjaldarárin. Á þessum árum varð að sjálfsögðu nokkur hækkun á launum verslunar- og skrifstofufólks svo og annarra launþega. Þegar hefur komið fram að fyrstu kjarasamningarnir voru gerðir 1946, en það eru að sjálfsögðu hin merkustu tímamót. Segja má að upp úr þessu hafi kjaramálin tekið mestan tíma - og þann 1. júní 1961 skall á fyrsta verkfallið.

Allsherjaratkvæðagreiðsla var viðhöfð um samþykkt verkfallsboðunarinnar og sýndi hún mjög góða samstöðu innan félagsins. Samningar tókust eftir fjóra daga og var verkfalli þá aflýst. Formaður félagsins þá, Kristófer Vilhjálmsson, var maðurinn á bak við þessa félagslegu aðgerð. Fullyrða má að með þessu verkfalli sé brotið blað í sögu félagsins, samstaða í röðum þess óx og styrkur þess út á við sem samningsaðila óx að sama skapi.

Á stjórnarfundum, sem haldinn var 6. febrúar 1963, mættu 5 menn sem unnu við bensínafgreiðslu. Óskuðu þeir eftir því við félagið að það annaðist kjarasamninga fyrir þann hóp. Er þar að finna fyrsta vísi að gerð kjarasamninga

fyrir fólk sem afgreiddi á bensínstöðvum. Málafni þess hóps hafa reynst mjög tímafrek og oft erfið samninganefndum og stjórnunum FVSA, auk þess sem brot á þeim samningum hafa verið alltið og valdið margháttuðu þrasi og kærum.

## Vaktavinnusamningar

Nýir kjarasamningar voru gerðir 27. júní 1962. Á árinu 1963 voru svo gerðir vaktavinnusamningar við Þórs-hamar, BSO og Veganesti. Var þar um algjört nýmæli að ræða í samningum verslunarfólks. Hinn 10. júní 1963 var efnt til allsherjaratkvæðagreiðslu um heimild stjórnar og fulltrúaráðs til boðunar verkfalls ef samningar tækjust ekki. Ekki kom til vinnustöðvunar að þessu sinni, þar sem gerður var bráðabirgðasamningur við atvinnurekendur og var hann samþykktur 19. júní. Drögust nú samningar eitthvað á langinn en í október sama ár fór enn fram allsherjaratkvæðagreiðsla um vinnustöðvun og var hún samþykkt. Verkfallið stóð 11. til 13. desember. Deila þessi var síðan leyst með kjaradómi og var félagið mjög andsnúið þeirri málsmeðferð. Má sjá á gjörðabókum félagsins að fundur sá, er um það fjallaði, er einn sá allra svipmesti og harðasti í sögu félagsins. Þó var niðurstaðan sú að samningurinn var samþykktur með nokkrum breytingum.

Líður svo fram á árið 1968 en þá

varð allhörd samningahríð. Vinnustöðvun var samþykkt í atkvæðagreiðslu en til hennar kom ekki þar sem samningar náðust í tæka tíð.

Árið 1969 tókust kjarasamningar án þess að kæmi til verkfalls og allt til ársins 1974 tókust samningar án allra stórátaka. En það sama ár kom til verkfalls 19. febrúar, sem leyst var með samningum 26. sama mánaðar.

Það var síðan ekki fyrr en 1978 sem til átaka kom aftur en þá var vinnustöðvun samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu. Þeirri kjaradeilu lauk ekki fyrr en 1979 með kjaradómi. Bæði þessi ár voru mjög annasöm hjá félaginu.

## Merkur áfangi

Á aðalfundi félagsins 1979 urðu formannsskipti. Hafliði Guðmundson lét af störfum og Kolbeinn Sigurbjörnsson tók við formennsku. Á því ári voru bókaðir 42 stjórnarfundir og 5 almennir félagsfundir. Það var augljóslega nóg að gera. Um nokkurn tíma hafði staðið deila við Höld s/f vegna meintra vanefnda á kjarasamningum. Var því máli vísað til félagsdóms. Því lauk með sigri félagsins en dómur féll í desember 1979. Má óþefað fullyrða að þau málalok séu einn allra merkasti áfanginn í sögu FVSA.

## STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGUNNI FRÁ 1980

### SKRIFSTOFUHALD

Á síðustu 25 árum hefur félagið eflst og vaxið. Fullgildir félagar í dag eru um 1.500 og meirihlutinn, eða um 60%, eru konur. Nokkuð fjölgar yfir sumartímamann og einnig er mikið um að ungt fólk vinni með skóla.

Til ársins 1982 hafði aðeins einn starfsmaður, Ása Helgadóttir, séð um skrifstofuhald en hún lét af störfum 1993. Árið 1982 bættist við annar starfsmaður, Jóna Steinbergsdóttir, þáverandi formaður, en hún lét af störfum í árslok 1999. Þriðji starfsmaðurinn, Erla Halls, var svo ráðinn árið 1984 og árið 1993 var Guðrún Guðmundsdóttir ráðin í hálfstarf. Árið 2000 kom til starfa þáverandi formaður félagsins, Guðmund-





Árið 1988 voru samningar felldir á fjölmennum fundi eftir vikulangt verkfall. Mikill hiti var í fundarmönnum og var einhugur um að fella samningana. Það skilaði að lokum betri samningum sem félagsmenn FVSA sættu sig við.

ur Björnsson, en hann lést árið 2002. Páll H. Jónsson var þá varaformaður og sinnti hann formannsstarfinu þar til hann var kjörinn formaður á aðalfundi 2002. Sama ár var Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, núverandi formaður, ráðin framkvæmdastjóri og árið 2004 var Kristín Þorgilsdóttir ráðin í hálfa stöðu.

Þrír félagsmenn hafa verið gerðir að heiðursfélögum eftir 1980. Ása Helgadóttir og Kolbeinn Helgason árið 1996 og Jóna Steinbergsdóttir árið 2000.

### STARFSEMI FVSA

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var árið 1979 var stofnaður sjúkrasjóður FVSA. Í janúar 1980 var stjórn félagsins falið að skipa framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs, sem starfa skyldi fram að næsta aðalfundi og í apríl sama ár var ákveðið á stjórnarfundum sjúkrasjóðs að dagpeningar skyldu vera 60% af níunda launaflokki verslunarmanna.

Með árunum eflist sjúkrasjóður og

samfara því jukust greiðslur úr honum. Í dag tekur hann þátt í forvarnastarfi og ýmsum greiðslum varðandi veikindi. Í launamissi félagsmanna greiðast 80% af dagvinnulaunum og vaktaálagi, en lágmarksupphæð miðað við fulla vinnu er kr. 103.000.

Mikið atvinnuleysi var á þessum árum og sá félagið alfarið um útreikning og úthlutun atvinnuleysisbóta til félagsmanna sinna. Árið 1980 var auglýst eftir tillögum að félagsmerki og verðlaunum heitið fyrir. Alls bárust 28 tillögur og varð Valgarður Frímánn hlutskarpastur. Sigurtillagan er enn notuð sem merki félagsins, með örtiltum breytingum frá höfundi.

Þá má geta þess að fyrsta fréttablað FVSA var gefið út árið 1981 og sá Kristín Jóna Halldórsdóttir um það. Áfram komu út fréttablöð árlega og voru þau unnin af Gunnlaugi Guðmundssyni og Erlu Halls. Vinnubrögð voru nokkuð frumstæð, allt efni vélritað og síðan fjölfaldað í ljósritunarvél.

### FRÆÐSLUSJÓÐUR

Fræðslusjóður var stofnaður á aðalfundi 1986 og var stofnfé hans kr. 300.000. Með kjarasamningum árið 2000 var stofnaður starfsmenntasjóður LÍV-VR-SA. Félagsmenn nýta þennan sjóð mikið en greiðslur byggja á stigainneign þeirra.

### VERK FALL - SAMNINGAR

Fjölmarginir samningar hafa verið gerðir og lagðir fyrir félagsmenn. Árið 1988 er einna eftirminnilegast, en það ár voru samningar felldir á fjölmennum fundi eftir viku verkfall. Í kjölfar þessa var borin upp miðlunartillaga frá sáttasemjara sem einnig var felld. Enn stöðu yfir verkfallsaðgerðir í viku, en lauk þá með samningum aðila, sem félagsmenn sættu sig við.

Á skrifstofu FVSA voru gerðir tugir samninga meðan á verkfalli stóð og gengu atvinnurekendur á Akureyri að þeim kröfum sem lagt var upp með. Héldu þeir samningar allir. Félagsmenn



Í mars sl. var farið í gróðursetningarferð á Illugastaði. Að gróðursetningu lokinni skrapp hópurinn í stutta skoðunarferð til Húsavíkur.

voru harðduglegir á verkfallsvaktinni, en hún stóð nánast allan sólarhringinn meðan á vinnustöðvun stóð. Það er afar erfitt að nefna einhvern hóp verkfallsvarda en minnisstæðastir eru þáverandi bensínafgreiðslumenn.

### SÉRKJARASAMNINGAR

Sérkjarasamningar hafa verið gerðir vegna bensínafgreiðslumanna hjá félaginu frá árinu 1986, en starfssvæði FVSA er eini staðurinn á landinu þar sem bensínafgreiðslumenn eru í verslunarmannafélagi.

Félagið tók einnig þátt í vinnustaðasamningi við Slippstöðina ásamt öðrum stéttarfélögum.

### HÚSNÆÐISMÁL

Í október 1982 var ákveðið að taka þátt í sameiginlegri byggingu verkalýðsfélaganna að Skipagötu 14. Flutt var í það húsnæði vorið 1985 og hafði þá húsnæðið að Brekkugötu 4 verið selt.

### ORLOFSHÚS

1984 var orlofshús byggt í Aðaldal en það var selt í ár. 1987 var fjárfest í fyrstu íbúðinni í Reykjavík. Ekki var

hægt að anna eftirspurn svo önnur íbúð var keypt þar. Þær eru báðar þriggja herbergja og eru í Ljósheimum 6. 1989 var hús keypt í Ölfusborgum á móti Verslunarmannafélagi Austurlands. Í dag er Verkalýðsfélag Vestfirðinga

meðeigandi félagsins að húsinu. 1990 var þriggja herbergja íbúð keypt á Egilsstöðum. 1993 var tveggja herbergja íbúð keypt að Rauðarárstíg í Reykjavík og er hún hönnuð sérstaklega fyrir sjúklinga. 1996 var Skógarsel



Núverandi starfsmenn FVSA. F.v.: Guðrún Guðmundsdóttir, Kristín Þorgilsdóttir, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, sem jafnframt er formaður félagsins og Erla Halls.

# EKKI GERA EKKI NEITT



Hefur þú fengið bréf frá Intrum vegna ógreidds reiknings? Þá vantar eiganda reikningsins peninga sem hann hefur gert ráð fyrir og leitar því til okkar eftir aðstoð. Markmið okkar er að innheimta ávallt reikninga á sanngjarnan hátt og með lágmarks kostnaði.

Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti og því er alltaf best að bregðast fljótt við innheimtubrési frá Intrum og gera hreint fyrir sínum dyrum.

En hvað sem þú gerir – ekki gera ekki neitt

**intrum**  **justitia**

[www.intrum.is](http://www.intrum.is)



GOTT FÖLK MCGANN

## EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir. Þess vegna seljum við bílatriyggingar á netinu. [sjovastrax.is](http://sjovastrax.is) - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatriyggingar á netinu.

**SJÓVÁ**   
STRAX

Gerðu gott brauð  
**betra!**



**KJARNAFÆÐI**

*-hvað er betra!*

í Vaglaskógi keypt af Skógrækt ríkisins, en félagið var búið að vera með það á leigu frá árinu 1981.

Árið 2001 var hús nr. 19 á Illugastöðum selt af grunni. Nýtt hús var keypt og komið fyrir á sama stað. Árið 2003 var það sama gert við hús nr. 12 á Illuga-

stöðum og í ár við hús nr. 2, sem félagið keypti árið 2003.

### FERÐALÖG OG LEIKHÚS

Frá árinu 1982 hefur félagið farið árlega í skemmtiferð, ýmist dagsferð eða helgarferð. Eldri félögum er boðið ár-

lega í leikhús og kaffiveitingar og hefur svo verið frá 1986.

### LOKAORD

Öll okkar starfsár hjá félaginu hafa verið ánægjuleg og einkennst af góðum samskiptum við félagsmenn og aðra þá sem að félaginu koma. Sanngjörn gagnrýni á alltaf rétt á sér og er af hinu góða. En við munum alltaf hafa það að leiðarljósi að stéttarfélag er aldrei annað og meira en fólkið sem í því er.

Þess skulum við minnast á 75 ára afmæli félagsins.

*Ritnefnd.*

# Mikilvægt að allir félagsmenn taki þátt

- í launakönnun FVSA

FVSA minnr á launakönnun sem félagsmenn fengu senda til sín nú í vikunni og hvetur þá til að taka þátt í henni. Allir félagsmenn FVSA sem taka þátt eiga möguleika á því að verða dregnir út í happdrætti þar sem fimm veglegir vinningar eru í boði. Góð þátttaka í könnuninni er forsenda þess að niðurstöður hennar geti nýst félagsmönnum í launaviðtölum og félaginu sjálfu í samningaviðræðum.

Ætlunin er að afla upplýsinga um laun og launakjör félagsmanna til að veita þeim upplýsingar um markaðslaun í mismunandi starfsgreinum. Jafnframt munu niðurstöðurnar veita mikilvæga innsýn í þróun launa og launamunar, t.d. milli kynja, starfsgreina og landshluta.

Að könnuninni standa Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Verslunarfélag Austurlands og Vökull stéttarfélag og mun Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri annast framkvæmd hennar. Farið verður með öll svör sem trúnaðarmál. Við framkvæmdina er í hvívetna farið að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og þar með er tryggt að ekki verður á nokkurn hátt unnt að rekja svör til einstakra þátttakenda.



## Kraftmikið fyrirtæki

- >> PRENTSMIÐJA
- >> AUGLÝSINGASTOFA
- >> SKILTAGERÐ/MERKINGAR
- >> VERSLUN
- >> ÚTGÁFA

ASPENT STÍLL

# Stjórnir félagsins

Í 75 ára sögu Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni hafa fjölmargar stjórnir setið. Hér að neðan og á næstu síðum eru myndir af öllum stjórnnum félagsins frá upphafi til þessa dags.



**Fyrsta stjórn FVSA 1930–1932**  
 Árni Jóhannsson ritari, Halldór G. Aspar formaður og Stefán Ág. Kristjánsson gjaldkeri.



**1933–1934**  
 Árni Valdemarsson ritari, Stefán Ágúst Kristjánsson formaður og Arthur Guðmundsson gjaldkeri.

**1935**  
 Árni Valdemarsson ritari, Stefán Ágúst Kristjánsson formaður og Alfreð Jónasson gjaldkeri.



**1936**  
 Ragnhildur Jónsdóttir ritari, Agnar Magnússon formaður og Kári Jóhansen gjaldkeri.



**1937–1938**  
 Þorsteinn Stefánsson ritari, Kristbjörg Dúadóttir formaður og Aðalsteinn Einarsson gjaldkeri.



**1939**  
 Ásgrímur Stefánsson gjaldkeri, Arngrímur Bjarnason formaður og Haraldur Sigurgeirsson ritari.



1940-1945

Haraldur Sigurgeirsson ritari, Ásgrímur Stefánsson formaður og Kári Jóhansen gjaldkeri.



1946

Sigurður Ólafsson ritari, Heiðrekur Guðmundsson formaður og Sigurveig Guðmundsdóttir gjaldkeri.



1947

Marteinn Friðriksson ritari, Halldór Helgason formaður og Barði Benediktsson gjaldkeri.



1948-1952

Ásgeir Halldórsson ritari, Kjartan Haraldsson formaður og Reynir Hjaltason gjaldkeri.



1953-1954

Kolbeinn Helgason gjaldkeri, Ingvi Loftsson ritari og (framfarar) Magnús Björnsson formaður.



1955

Kolbeinn Helgason gjaldkeri, Magnús Björnsson meðst., Jón Samúelsson formaður, Sigurður Jónsson meðst. og Björn Þórðarson ritari.



1956

Óli D. Friðbjörnsson meðst., Jón Samúelsson formaður, Sigurður Jónsson meðst., Björn Þórðarson ritari og Kolbeinn Helgason gjaldkeri.



1957

Hlíf Eydal meðst., Óli D. Friðbjörnsson formaður, Aðalsteinn Valdemarsson meðst., Árni Júl. Árnason ritari og Knútur Karlsson gjaldkeri.



1958-1959

Hlíf Eydal meðst., Óli D. Friðbjörnsson formaður, Knútur Karlsson meðst., Aðalsteinn Valdemarsson ritari og Árni Júl. Árnason gjaldkeri.



1960

Baldur Halldórsson meðst., Hörður Adólfsson meðst., Aðalsteinn Valdemarsson ritari, Kristófer Vilhjálmsson formaður og Jón E. Aspar gjaldkeri.



1961-1962

Baldur Halldórsson meðst., Jón E. Aspar meðst., Sigurður Jóhannesson ritari, Kristófer Vilhjálmsson formaður og Jón Samúelsson gjaldkeri.



1963

Baldur Halldórsson meðst., Kristófer Vilhjálmsson formaður, Sigurjón Bragason meðst., Sigurður Jóhannesson ritari og Ingólfur Gunnarsson gjaldkeri.



**1964-1965**

Kolbeinn Helgason meðst., Þorsteinn Svanlaugsson meðst., Ísak Guðmann ritari, Bragi Jóhannsson formaður og Ingólfur Gunnarsson gjaldkeri.



**1966**

Kolbeinn Helgason meðst., Hafliði Guðmundsson varaformaður, Jóhann B. Simonarson ritari, Bragi Jóhannsson formaður og Ingólfur Gunnarsson gjaldkeri.



**1967-1969**

Kolbeinn Helgason varaformaður, Rafn Sveinsson meðst., Hafliði Guðmundsson formaður, Jóhann B. Simonarson ritari og Ingólfur Gunnarsson gjaldkeri.



**1970**

Kolbeinn Helgason varaformaður, Rafn Sveinsson meðst., Jóhann B. Simonarson ritari, Hafliði Guðmundsson formaður og Guðmundur Björnsson gjaldkeri.



**1971**

Ellert Guðjónsson meðst., Kolbeinn Helgason varaformaður, Guðmundur Björnsson gjaldkeri, Hafliði Guðmundsson formaður og Kjartan Jónsson ritari.



**1972**

Kristín Jónsdóttir meðst., Kolbeinn Helgason varaformaður, Guðmundur Búason ritari, Ellert Guðjónsson formaður og Guðmundur Björnsson gjaldkeri.



**1973-1974**

Kolbeinn Helgason varaformaður, Laufey Pálmadóttir meðst., Guðmundur Búason ritari, Ellert Guðjónsson formaður og Guðmundur Björnsson gjaldkeri.



**1975**

Hafliði Guðmundsson meðst., Kolbeinn Helgason varaformaður, Laufey Pálmadóttir ritari, Ellert Guðjónsson formaður og Guðmundur Björnsson gjaldkeri.



**1976-1977**

Hafliði Guðmundsson varaformaður, Laufey Pálmadóttir meðst., Guðmundur Búason ritari, Kolbeinn Helgason formaður og Guðmundur Björnsson gjaldkeri.



**1978-1979**

Laufey Pálmadóttir meðst., Hörður Steinbergsson ritari, Guðmundur Björnsson gjaldkeri, Hafliði Guðmundsson formaður og Ólafur Aðalsteinsson varaformaður.



**1979-1980**

Kolbeinn Sigurbjörnsson formaður, Jóna Steinbergsdóttir varaformaður, Hörður Steinbergsson meðst., Þórður Rist ritari og Guðmundur Björnsson gjaldkeri.



**1980-1981**

Hörður Steinbergsdóttir varaformaður, Þórður Rist ritari, Gunnar Hallsson gjaldkeri og Kolbeinn Sigurbjörnsson formaður.



**1981-1982**

Gunnar Hallson gjaldkeri, Þórður Rist ritari, Hörður Steinbergsson meðst., Jóna Steinbergsdóttir formaður og Kristín Jóna Halldórsdóttir varaformaður



**1982-1986**

Þórður Rist ritari, Gunnlaugur Guðmundsson varaformaður, Guðmundir Logi Lárusson gjaldkeri, Erla Halls meðst. og Jóna Steinbergsdóttir formaður.



**1987-1988**

Laufey Bjarnadóttir meðst., Gunnlaugur Guðmundsson varaformaður, Guðmundur L. Lárusson gjaldkeri, Jóna Steinbergsdóttir formaður og Þórður Rist ritari.



**1988-1993**

Siguróli M. Sigurðsson meðst., Gunnlaugur Guðmundsson varaformaður, Guðmundur L. Lárusson gjaldkeri, Erla Halls ritari og Jóna Steinbergsdóttir formaður.



**1993-1998**

Siguróli M. Sigurðsson meðst., Guðmundur L. Lárusson gjaldkeri, Páll H. Jónsson varaformaður, Erla Halls ritari og Jóna Steinbergsdóttir formaður.



**1998-1999**

Siguróli M. Sigurðsson gjaldkeri, Páll H. Jónsson varaformaður, Guðlaug Jóhannsdóttir meðst., Jóna Steinbergsdóttir formaður og Erla Halls ritari.



**1999-2002**

Reynir Svanholt gjaldkeri, Erla Halls ritari, Siguróli M. Sigurðsson meðst., Páll H. Jónsson varaformaður og Guðmundur Björnsson formaður.



**2002-2004**

Einar Hjartarson ritari, Reynir Svanholt gjaldkeri, Eyþór Gunnþórsson meðst., Páll H. Jónsson formaður og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður.



**2004-2005**

Einar Hjartarson ritari, Friðbjörg Jóhannsdóttir meðst., Reynir Svanholt gjaldkeri, Páll H. Jónsson formaður og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður.



**2005-2006**

Einar Hjartarson ritari, Friðbjörg Jóhannsdóttir meðst., Reynir Svanholt gjaldkeri, Páll H. Jónsson varaformaður og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður.





# TIL HAMINGJU MEÐ ÁRIN 75

Félagar í FVSA. Til hamingju með þessi merku tímamót. Eining-löjja óskar ykkur og félaginu allra heilla í framtíðinni.



GENEALOGAN

*Við sendum FVSA  
okkar bestu óskir með 75 ára afmælið,  
með þökk fyrir samskiptin á liðnum árum.*



VERSLUNARMANNAFÉLAG  
HAFNARFJARÐAR

[www.vhf.is](http://www.vhf.is)


*Við sendum FVSA  
okkar bestu óskir með 75 ára afmælið,  
með þökk fyrir samskiptin á liðnum árum.*



**Félag byggingamanna Eyjafirði**

[www.fbe.is](http://www.fbe.is)

*Við óskum FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið.*



**Félag málmíðnaðarmanna Akureyri**

[www.fma](http://www.fma)

*Sendum FVSA  
okkar bestu hamingjuóskir  
í tilefni af 75 ára afmælinu.*



**Sjómannafélag Eyjafjarðar**

[www.sjoey.is](http://www.sjoey.is)

*Til hamingju með árin 75,  
með þökk fyrir samskiptin  
á liðnum árum.*



**Rafiðnaðarsamband Íslands**

[www.rafis.is](http://www.rafis.is)

*Sendum FVSA  
okkar bestu hamingjuóskir  
í tilefni af 75 ára afmælinu.*



**Alpýðusamband Íslands**

[www.asi.is](http://www.asi.is)

*Til hamingju með árin 75,  
með þökk fyrir samskiptin  
á liðnum árum.*



Landssamband  
Íslenskra  
verzlunarmanna

[www.landssamband.is](http://www.landssamband.is)

# Á þönum allan daginn

**B**rynhildur Pétursdóttir sinnir tveimur veigamiklum störfum. Hún vinnur á skrifstofu Neytendasamtakanna á Akureyri auk þess að vera safnstjóri Nonnahúss. Bæði störfín segir hún vera fjölbreytt og skemmtileg. Neytendasamtökin eru í sama húsnæði og FVSA og segir Brynhildur það hafa komið sér mjög vel. Áður hafi hún ekki gert sér grein fyrir hvað það er í rauninni mikið sem hún á rétt á frá stéttarfélaginu sínu.

– Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú vinnur við skrifstofustörf?

„Nei, það ætlaðist bara þannig. Ég er með B.A.-próf í viðskiptatungumálum sem nýtist í þessu starfi og reyndar víðar. Maðurinn minn er frá Akureyri og þegar ég flutti hingað með honum tók ég mér góðan tíma í að finna mér góða vinnu. Ég vann fyrst á elliheimili á meðan ég var að líta í kringum mig en nú starfa ég hálfan daginn hér hjá Neytendasamtökunum og svo hálfan dag í Nonnahúsi.“

– eru skrifstofustörfín framtíðar- atvinna þín?

„Já, alveg eins. Þetta er svo lifandi og fjölbreytt starf hér hjá Neytendasamtökunum. Það væri kannski annað ef ég væri að vinna mjög einhæfa vinnu og flokkaði reikninga allan daginn. Annars er ég ekkert að plana langt fram í tímann.“

## Alltaf tvær hliðar á öllum málum

Brynhildur segir starf sitt hjá Neytendasamtökunum mjög fjölbreytt. Flestir sem hafi samband séu að leita réttinda sinna og hún hvetur fólk til að hafa samband ef því finnst á sér brotið. „Kvörtunarþjónustan er einungis hluti vinnunnar hérna. Í starfinu felst einnig gerð verðkannana, nefndavinna, neytendafræðsla, greinaskrif, samskipti við fjölmiðla, umsjón með Neytendablaðinu og margt fleira.“

– Byrð þú sjálf yfir mikilli réttlætis- kennd og fyllist reiði þegar þú hlustar á skjólstæðinga þína?



Brynhildur Pétursdóttir er ánægð í starfi hjá Neytendasamtökunum. Hún er einnig safnstjóri Nonnahúss.

„Fyrst lifði ég mig mjög inn í öll mál. En ég er jafnframt búin að læra að það eru alltaf tvær hliðar á öllum málum. Oft er maður því í starfi diplómata. Í mörgum málum sem eru á gráu svæði þarf að koma á sátt milli aðila, og oftast gengur það vel. En ef ekki tekst að leysa málið og okkur blöskrar framkoma seljanda þá gerum við því skil í Neytendablaðinu eða á heimsíðu okkar.“

– Svo ertu í Nonnahúsi hálfan daginn, eru þetta ekki mjög ólík störf?

„Jú, alveg gjörólík. Þau eru samt bæði mjög fjölbreytt og skemmtileg sem þýðir það að engir tveir dagar eru eins. Maður verður bara að nota hádeg- ið til að skipta algjörlega um gír.“

## Við hin erum alltaf á þönum

– Nú er FVSA í sama húsnæði og Neytendasamtökin, starfar þú eitthvað með félaginu?

„Nei, ekki beint. Þegar ég byrjaði að starfa hér þá valdi ég þetta stéttarfélag og það er ekki verra að þekkja þær góðu konur sem þar vinna. Vegna nálægðarinnar við félagið hef ég kynnst því hvað það er í rauninni mikið sem fólk á rétt á hjá stéttarfélaginu sínu. Þar má nefna alls kyns styrki, leigu á orlofs-

húsum og margt, margt fleira. Það er unnið mjög gott starf hjá félaginu og þess má einnig geta að FVSA er meðal þeirra verkalýðsfélaga sem styrkir stöðu starfsmanns Neytendasamtakanna á Akureyri.“

– Heldur þú að ungt fólk viti almennt fyrir hvað félagið stendur?

„Nei, ábyggilega ekki. Okkur hættir kannski til að taka verkalýðsfélögum sem sjálfsögðum hlut, á sama tíma og fjölmargir íbúar í heiminum njóta ekki þess sjálfsagða réttar að semja sameiginlega um kaup og kjör.“

– Hver heldur þú að sé ástæðan fyrir þessu?

„Ungt fólk í dag hefur mikið að gera. Fritími margra er mjög takmarkaður og þess vegna starfar ungt fólk ábyggilega síður með stéttarfélagi sínu. Börnin taka sinn tíma, vinnan, íþróttaiðkun og svo mætti lengi telja. Félagið býður upp á ferðir og skemmtidagskrá fyrir félagsmenn sína en ætli það sé ekki frekar fólk í eldra kantinum sem nýtir sér það. Við hin erum alltaf á þönum einhvers staðar og höfum ekki tíma til neins,“ segir Brynhildur að lokum, en hennar bíður annasamur dagur bæði hjá Neytendasamtökunum og í Nonnahúsi.



VATN • RAFORKA • VARMÍ



RANGÁRVÖLLUM, PÓSTHÓLF 90 • 602 AKUREYRI  
SÍMI 460 1300 • FAX 460 1301  
nordurorka@no.is • www.no.is



**VETRARDEKK fyrir alla**

**BRIDGESTONE**

**FIRESTONE**

**DAYTON**

**MALOYA**

**BRIDGESTONE**



Fyrir þá  
kröfuhörðu



**LOFTBÓLUDEKKIN**  
Ótrúlegir yfirburðir

**NORANZA**  
Nagladekk

**GÚMMÍVINNSLAN HF**  
Róttarhvammí 1  
Akureyri

**DEKKJATORGID**  
Gleráreyrum v/Borgarbraut  
Akureyri

*Við óskum FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið.*



**SVÆÐISVINNUMIDLUN  
NORÐURLANDS EYSTRA**

[www.svm.is](http://www.svm.is)

*Við óskum FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið.*



**ÖLL LÍFSINS GÆÐI  
Akureyrarbær**

[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

*Til hamingju með árin 75,  
með þökk fyrir samskiptin  
á liðnum árum.*



**BRIM**

[www.brimhf.is](http://www.brimhf.is)

*Við óskum FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið.*



**Vátryggingafélag Íslands**

[www.vis.is](http://www.vis.is)

*Sendum FVSA  
okkar bestu hamingjuóskir  
í tilefni af 75 ára afmælinu.*



**VÖRÐUR  
ÍSLANDSTRYGGING**

[www.sjoey.is](http://www.sjoey.is)

# Með bein í nefinu

**G**uðrún S. Óskarsdóttir ætti að vera flestum kunn en hún starfaði í 22 ár í verslun Hagkaupa á Akureyri. Það segir hún hafa verið yndislegan vinnustað. Guðrún hefur einnig verið virk í félagsmálum og starfaði í fulltrúaráði og í stjórn sjúkrasjóðs FVSA í nokkur ár. Hún er mikill baráttujaxl og fór ófáar ferðirnar upp á skrifstofu FVSA með undirskriftalista úr Hagkaupum.

– Hvernig vildi til að þú fórst að vinna í Hagkaupum?

„Þegar ég gifti mig árið 1950 flutti ég suður með manninum mínum, Ársæli Magnússyni, fyrrverandi umdæmistjóra Pósts og síma. Við fluttum síðan alfarið norður árið 1976. Mér hundleiddist til að byrja með eftir að við

fluttum norður, þrátt fyrir að ég væri Akureyringur. Allir vinirnir voru skildir eftir fyrir sunnan. Ég ákvað því að fá mér vinnu þar sem ég gæti verið innan um margt fólk. Hagkaup urðu fyrir valinu og sé ég alls ekki eftir því. Þar kynntist ég fullt af góðu fólki og var farin að þekkja marga viðskiptavinina vel.“

Aðspurð segir hún að verslunarstarfið geti verið mjög erfitt, örugglega miklu erfiðara en fólk almennt geri sér grein fyrir. „Ef þú vinnur í einhverri deild er það ekki bara í þínum verkahring að þjónusta viðskiptavinina því þú þarft líka að panta inn vörur, taka þær upp, verðmerkja o.s.frv. Við vorum kallaðar „tuskurnar“ en ég vann lengst af í fatadeildinni. Þar var aldrei dauður tími.“

– Er góður starfsandi í Hagkaupum?

„Já, mjög góður. Við erum 10-12 konur sem höldum enn sambandi og komum saman nokkrum sinnum á ári. Flestar okkar eru hættar að vinna en þrjár vinna enn í Hagkaupum.“

**Fólk verður að skipuleggja sig betur**

– Hvernig lagðist það í ykkur þegar opnunartímarnir lengdust?

„Við vorum ekki ánægðar með það og börðumst lengi fyrir því að hafa lokað á laugardögum. Mér finnst þessir löngu opnunartímar algjör

óþarfi. Við lifum í alltof miklu neysluþjóðfélagi. Maður sá oft sömu viðskiptavinina koma tvisvar á Þorláksmessu; fyrst um daginn og svo þjótandi inn rétt fyrir lokun. Þá sögðum við oft í gríni: „Þarna gleymdust grænu baunirnar.“ Fólk verður að skipuleggja sig betur. Við eigum öll geymslur, ísskápa og frystikistur.“

– Þetta virðist vera þér hjartans mál. Varstu virk í félagsmálum á þeim árum sem þú starfaðir í Hagkaupum?

„Já, mikil ósköp. Ég barðist fyrir öllu mögulegu og var um tíma trúnaðarmaður í Hagkaupum. Það er svona þegar maður getur aldrei þagað. Ég starfaði bæði í fulltrúaráði og í stjórn sjúkrasjóðs FVSA og hafði gaman af. Einu sinni hafði ég kvartað yfir hversu litlu hafði verið áorkað á kjarafundi í Reykjavík og fyrr en varði var ég sjálf mætt með samninganefnd á kjarafund hjá Ríkissáttasemjara í Reykjavík. Fundurinn stóð alla nóttina og margir orðnir þreyttir. Þegar ég spurði hvers vegna fundurinn þyrfti endilega að vera fram á nótt var mér sagt að svona væri nú gert í henni Ameríku! Samningar tókust á endanum og hljóðuðu upp á eina greiðslu að andviðri þriggja konfekt-poka. Eftir þennan fund kvartaði ég aldrei aftur og ber mikla virðingu fyrir því fólki sem stendur vörð um hagsmuni okkar hjá FVSA. Þetta er alveg frábært félag með frábæru fólki.“

**Ánægð með lífstíðaraðildina**

– Ertu alveg hætt að starfa með félaginu?


„Ég fer í þær skemmtiferðir sem eru í boði. Ég er mjög ánægð með að maður er lífstíðaraðili að félaginu og heldur réttindum sínum þrátt fyrir að borga ekki lengur í það. Það eina sem mér þykir miður er að það er ekki falast eftir starfskröftum félaga eftir að þeir fara á ellilífeyrisaldur en einmitt þá hefur maður loksins nægan tíma,“ segir Guðrún S. Óskarsdóttir að lokum.



Guðrún S. Óskarsdóttir segir að ef hún gæti farið að vinna aftur yrðu Hagkaup fyrir valinu.

# Við óskum til hamingju með 75 ára afmælið

**Verzlunarmannafélag  
Vestur- Húnavetninga**



# Vorum reiðir, ungir menn

Óli D. Friðbjörnsson starfaði lengi fyrir FVSA. Hann kom fyrst inn í stjórnina árið 1956 og gegndi starfi formanns í nokkur ár. Hann var einnig lengi endurskoðandi félagsins. Það gústar af Óla hvar sem hann kemur, enda skemmtilegur og hress karl.

Óli D. er alinn upp í Hrísey en þaðan lá leiðin í Samvinnuskólann. Hann hefur síðan starfað sem verslunar- og skrifstofumaður á Akureyri. Fyrsta verslunarstarfið var í versluninni Kjöt og fiskur í Strandgötu 23. „Ég byrjaði á því að raða upp í hillurnar og var síðan með í að ryðja úr þeim aftur þegar verslunin hætti rekstri ellefu árum seinna. Þaðan lá leiðin í verslunina Kjörver, sem var í Sjálfstæðishúsinu. Þar var ég í ein tvö ár, eða þar til hún fór á hausinn, enda með eindæmum illa rekin,“ segir hann.

– *Hvort kunnir þú betur við þig í verslunar- eða skrifstofustarfinu?*

„Verslunarstarfið var skemmtilegra. Ég kunní mjög vel við mig í því og hafði gaman af að spjalla við viðskiptavinina. Skrifstofustarfið var einmanalegra en ég nenni bara ekki að skipta aftur! Það var svo þægilegt að sitja við skrifborðið og alltof mikil átök að standa upp frá því aftur,“ segir Óli D. og hlær.

## Skrifstofustörf og félagsmál

Eftir að Óli hætti í Kjörveri vann hann eitt sumar í síld á Siglufirði en réð sig síðan í skrifstofustarf hjá Olíuverslun Íslands. Þar var hann í nokkur ár en þaðan lá leiðin á bókhaldsskrifstofu sem Sigurður Sigurðarson rak. Nokkrum árum seinna flutti hann sig yfir til Raforku en hafði þá um nokkurt skeið séð um bókhaldið fyrir fyrirtækið. Hjá Raforku vann Óli í átta ár, vann svo skrifstofustarf hjá Kröfluvirkjun og endaði starfsferilinn sem skrifstofumaður hjá Krossanesi.

– *Hefur þú alltaf verið virkur í félagsmálum?*

„Maður hefur verið svona að þvælast í þessu,“ segir Óli D. hógværdin



Fyrirverandi formaður og endurskoðandi FVSA til margra ára, Óli D. Friðbjörnsson.

uppmáluð. „Ég fór síðan að þefa af pólitíkinni; var um tíma formaður Félags ungra sjálfstæðismanna, síðan formaður Félags sjálfstæðismanna á Akureyri í eitt ár og að lokum formaður Sleipnis, sem var sjálfstæðisfélag á Akureyri.“

– *Hvernig kom svo til að þú fórst að starfa fyrir FVSA?*



Skælbrosandi í einu af jólaboðum félagsins.

„Þetta var einhver þvælingur vegna kunningssskapar. Ég var kosinn í stjórn árið 1956 og var síðan formaður á árunum 1957 til 1960. Eftir það tók ég að mér að vera endurskoðandi félagsins.“

## Stórmál síns tíma

– *Hvað er þér minnststæðast úr starfi þínu fyrir FVSA?*

„Á þeim tíma sem ég var formaður var Lífeyrissjóður verslunarmanna stofnaður og einnig Landssamband íslenskra verzlunarmanna. Þetta var stórmál á sínum tíma. Það þurfti að fara endalausar ferðir suður til að koma þessu á fót, sem var meira en að segja það því fjárhagi félagsins var sniðinn mjög þröngur stakkur. Hver félagsmaður borgaði einhverja ákveðna upphæð og félagsmennirnir voru ekki margir. Þetta var ekki eins og núna þegar allir verða að borga ákveðið hlutfall launa sinna til stéttarfélags síns. Ár eftir ár var reynt að hækka félagsgjöldin en tillögurnar voru alltaf felldar. Það endaði því oft með að þeir sem voru að starfa fyrir félagið þurftu að borga ferðirnar suður, sem og önnur útgjöld, úr eigin vasa.“

**Alltaf ósáttur við launataxtana**

– Hvað með kjaramálin?

„Það var eitt sem ég var alltaf ósáttur við í sambandi við kjarasamningana á þessum tíma og það voru launataxtarnir. Þeir sem voru menntaðir en alls reynslulausir byrjuðu fjórum launatöxtum hærra í versluninum en þeir sem kunnu til verka, en voru ómenntaðir. Þetta menntasnobbb fór alltaf fyrir brjóstið á mér.“

– Var aldrei hart barist ykkar á milli í félaginu?

„Við vorum allir reiðir, ungir menn,“

segir Óli D. glottandi. „En í aðalatriðunum vorum við sammála um það sem berjast þurfti fyrir.“

**Um að gera að taka hlutina ekki alltof alvarlega**

– Að lokum, einhver skemmtileg saga úr félagsstarfinu?

„Ég man einu sinni þegar ég og Knútur Karlsson vorum að taka reikningana saman, komum við út með 45 aura í plús. Við veltum því um stund fyrir okkur hvað við ættum að gera við þessa aura en á endanum létum við þá að sjálfsgöðu renna aftur í sjóðinn. Hvorugur okkar greip að 45 er náttúru-

lega snúningstala. Ég sagði við Knút mörgum árum seinna að það væri greinilegt að við gengum í sama skólann, Samvinnuskólann. Við hlógum mikið af þessari heimsku í okkur. Það er líka um að gera að taka ekki hlutina alltof alvarlega. Það verður líka að hafa gaman af harkinu,“ segir Óli D. Friðbjörnsson að lokum.



S  
V  
Ö  
R  
V  
IÐ  
Ö  
L  
L  
U

ALLTAF OPIÐ TIL:

22:00

Hafnarstræti • 461-5050  
akureyri@penninn.is

*Sendum FVSA  
okkar bestu hamingjuóskir  
í tilefni af 75 ára afmælinu.*

**Samkaup** strax

**nettó**

**Samkaup** úrval

**Akureyri**

# Á Dalvík er best að vera

**G**uðmundur Kristjánsson vinnur í Húsamiðjunni á Dalvík. Hann er giftur Hólmfríði Jónsdóttur og eiga þau 3 börn, Kristján, Sonju Kristínu og Selmu Rut. Fjölskyldunni líður mjög vel á Dalvík og getur ekki hugsað sér að búa annars staðar enda er félagslífið mjög blómlegt þar.

– Er það ekki rétt að þeir sem hafa einhvern tímann búið á Dalvík vilji helst aldrei fara þaðan?

„Það er mjög gott að búa á Dalvík og enn sem komið er hef ég ekki getað hugsað mér að búa annars staðar. Hér er frábært að ala upp börn, mjög góður skóli og umhverfið mjög barnvænt. Félagslífið hér á Dalvík er líka í miklum blóma en ég syng einmitt í Karlakór Dalvíkur.“

Aðspurður segist Guðmundur kunna mjög vel við sig í verslunarstarfinu. „Ég byrjaði árið 1985 að vinna í verslun en hef verið í þessari verslun síðan 1997. Það er gott að vinna hjá Húsamiðjunni og þar er mjög góður andi. Húsamiðjan tók yfir rekstur byggingavörudeildar KEA árið 1999 og við, sem unnum í byggingavörudeildinni, héldum allir okkar störfum.“

## Mjög ánægður með félagið

Guðmundur segir helsta kostinn við starfið hversu marga hann hittir dags



Guðmundur Kristjánsson við eina af timburstæðunum í Húsamiðjunni á Dalvík.

daglega og eigi samskipti við marga. Þannig hafi hann kynnst mörgu góðu fólki á liðnum árum. „Ég hugsa að ég þekki um 90% af þeim sem koma í búðina til mín og með tímanum eru mjög margir þeirra orðnir góðir kunningjar manns. Það getur þó að vísu verið ókostur að þekkja alla viðskiptavinina of náð, þá verður maður að dansa ákveðinn línudans í kringum þá.“

– Fylgja þessu starfi einhverjir ókostir?

„Ókostir, já, þessi spurning er erfið. Það eina sem mér dettur í hug er að það getur verið leiðinlegt að vera lokaður inni allan daginn þegar blessuð sólin skín. En það er eitthvað sem maður verður bara að sætta sig við.“

– Nú syngur þú með Karlakór Dalvíkur, ertu í einhverju öðru félagsstarfi?

„Ég er búinn að vera í fulltrúaráði FVSA í tvö ár og kann því ákaflega vel. Ég er mjög ánægður með félagið og stoltur af því að vera í því.“



KAUPMANNAFÉLAG  
AKUREYRAR

Kaupmannafélag Akureyrar  
óskar FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið!



*Sendum FVSA  
okkar bestu hamingjuóskir  
í tilefni af 75 ára afmælinu.*



*Til hamingju með árin 75,  
með þökk fyrir samskiptin  
á liðnum árum.*



*Við óskum FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið.*



*Við sendum FVSA  
okkar bestu óskir með 75 ára afmælið,  
með þökk fyrir samskiptin á liðnum árum.*



*Til hamingju með árin 75,  
með þökk fyrir samskiptin  
á liðnum árum.*



*Við óskum FVSA til hamingju  
með 75 ára afmælið.*



*Sendum FVSA  
okkar bestu hamingjuóskir  
í tilefni af 75 ára afmælinu.*



*Við sendum FVSA  
okkar bestu óskir með 75 ára afmælið,  
með þökk fyrir samskiptin á liðnum árum.*





FVSA 1930 - 2005

## Munir og myndir frá liðinni öld

Í tilefni af 75 ára afmæli Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni verður haldin afmælissýning á 4. hæð Alþýðuhússins föstudaginn 4. nóvember og laugardaginn 5. nóvember. Sýningin verður opin báða dagana frá kl. 14 til 18.

Af þessu sama tilefni ætla félagið að færa félögum sínum smá gjöf, en hægt verður að nálgast hana á afmælissýningunni. Félagar í FVSA, sem ekki komast á afmælissýninguna, geta nálgast gjöfina á skrifstofu félagsins einhvern næstu daga.

Allir eru velkomnir á sýninguna en þar verður boðið upp á kaffi og afmælistertu í tilefni þessara merku tímamóta.

Við óskum



til hamingju  
með 75 ára  
afmælið

PRICEWATERHOUSECOOPERS   
pwcglobal.com/is

Við óskum  til hamingju með 75 ára afmælið





# Húsmiðjan Lónsbakka

## Sími 460 3500

Mánudagar – föstudaga: 8-18

Laugardagar: 10-14

Sunnudagar: Lokað



**HÚSMIÐJAN**  
...ekkert mál



# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!



ÍSLENSK VERÐBRÉF  
EIGNASTYRING ER OKKAR FAG!

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • FAX 460 4717 • [www.iv.is](http://www.iv.is)

ASPRENT STILL



*Kristján X og Alexandrína drottning eru að ganga til skips á Túlínusarbyggju eftir heimsókn til Akureyrar 26. júní 1926.*

## Í fylgd með þér

**Sparisjóður Norðlendinga** er órjúfanlegur hluti menningar og sögu Norðurlands og hefur stutt við bakið á þeim sem gegnt hafa aðalhlutverki í sigrum norðlenskrar sögu.

Hjá okkur ert þú í aðalhlutverki – með persónulegri og hraðri þjónustu tókum við þátt í sögu þinni og sigrum.

*Sparisjóður Norðlendinga er bakhjarl framtíðarinnar og bankinn þinn*



SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA

Skipagata 9 | 600 Akureyri | sími 460 2500 | [www.spnor.is](http://www.spnor.is)